

Guðmundur Ingi Guðbrandsson, umhverfis- og auðlindaráðherra  
Umhverfis- og auðlindaráðuneyti  
Skuggasundi 1  
101 Reykjavík

Umhverfis- og auðlindaráðherra skipaði, í september 2020, samstarfshóp vegna hugmynda um þjóðgarð á sunnanverðum Vestfjörðum. Hlutverk hópsins var að kanna og undirbúa mögulega stofnun þjóðgarðs.

Í samstarfshópinn voru skipað:

Steinar Kaldal, formaður, umhverfis- og auðlindaráðuneyti,  
Birgir Gunnarsson, bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar,  
Edda Kristín Eiríksdóttir, sérfræðingur frá Umhverfisstofnun,  
Freyja Pétursdóttir, sérfræðingur frá Umhverfisstofnun,  
Rebekka Hilmarsdóttir, bæjarstjóri Vesturbyggðar,  
Rúnar Leifsson, sérfræðingur, tilnefndur af mennta- og menningarmálaráðuneyti,  
Sigurður Örn Guðleifsson, lögfræðingur, tilnefndur af forsætisráðuneyti,  
Þuríður Yngvadóttir, formaður Landgræðslusjóðs, tilnefnd af Landgræðslusjóði.

Hópurinn hélt sinn fyrsta fund 8. október 2020. Alls hélt hópurinn 12 fundi. Ákveðið var í upphafi að leggja áherslu á samráð og opinn aðgang að upplýsingum. Opnuð var heimasíða verkefnisins á vef Umhverfisstofnunar þar sem fundargerðir starfshópsins voru birtar ásamt öðrum upplýsingum um verkefnið. Þá var fundað sérstaklega með bæjarráðum og sveitarstjórnnum Ísafjarðarbæjar og Vesturbyggðar, málið kynnt, farið yfir friðlýsingarskilmála og spurningum svarað. Tveir opnir fundir fyrir almenning voru einnig haldnir á starfstíma hópsins. Um var að ræða fjarfundi sökum þess að sóttvarnarráðstafanir vegna Covid 19 komu í veg fyrir að hægt var að halda staðfundi. Fyrri fundurinn var haldinn eftir að áform um þjóðgarð voru kynnt. Þar kynntu fulltrúar Umhverfisstofnunar málið og svöruðu spurningum fundargesta. Seinni fundurinn var haldinn eftir að tillaga að friðlýsingarskilmálum og mörkum var kynnt. Á þeim fundi fóru fulltrúar Umhverfisstofnunar yfir vinnu starfshópsins fram til þessa og kynntu skilmálana og þær breytingar sem lagt var til að gerðar yrðu á þeim með tilliti til innsendra athugasemda. Á vinnutíma starfshópsins sendi Umhverfisstofnun einnig dreifibréf til allrar íbúa á Vestfjörðum með upplýsingum um þjóðgarðsáformin og vinnu starfshópsins.


Samstarfshópurinn hefur nú lokið störfum sínum. Í vinnu sinni dró hópurinn fram megintillögur sínar um helstu atriði við útfærslu fyrirhugaðs þjóðgarðs. Þær má finna í meðfylgjandi skýrslu hópsins.

Reykjavík, 21. júní 2021.

Júní 2021



# Dynjandis- þjóðgarður



Stjórnarráð Íslands

Umhverfis og auðlindaráðuneytið

- Skýrsla starfshóps umhverfis- og auðlindaráðuneytisins um stofnun þjóðgarðs á sunnanverðum Vestfjörðum.

**Útgefandi:**

Umhverfis- og auðlindaráðuneytið

Júní 2021

[www.stjornarradid.is](http://www.stjornarradid.is)

©2021 Umhverfis- og auðlindaráðuneytið

ISBN 978-9935-9610-1-3

Forsíðumynd: Dynjandi, Edda Kristín Eiríksdóttir.

Ljósmyndir:

Ljósmynd af þjóðhátíð Vestfirðinga 1974 er eftir Guðmund Sveinsson.

Ljósmynd af haferni er eftir Erling Ólafsson.

Aðrar ljósmyndir eru eftir Eddu Kristínu Eiríksdóttur.

Aðrar myndir:

Mynd af Jóni Sigurðssyni er frá safni Jóns Sigurðssonar á Hrafnseyri.

Mynd af jarðlagasniði í Surtarbrandsgili er frá Umhverfisstofnun.

Mynd af vistgerðum svæðisins er frá Náttúrufræðistofnun Íslands.

Myndir af friðlýstum minjastöðum og fornleifaskráningum á svæðinu er frá Minjastofnun Íslands.

Kort af mörkum þjóðgarðs var unnið af Landmælingum Íslands.

# Efnisyfirlit

<b>Inngangur</b> .....	<b>6</b>
<b>1. Megin tillögur</b> .....	<b>9</b>
1.1 Heiti þjóðgarðsins.....	10
<b>2. Hvað er þjóðgarður?</b> .....	<b>12</b>
2.1 Friðlýsingarflokkar .....	12
2.2 Þjóðgarður.....	13
2.3 Samfélagsleg og hagræn áhrif þjóðgarðs.....	14
<b>3. Friðlýsing</b> .....	<b>16</b>
3.1 Friðlýsingarferlið.....	16
3.2 Friðlýsingarskilmálar.....	17
<b>4. Þjóðgarður á sunnanverðum Vestfjörðum</b> .....	<b>19</b>
4.1 Forsendur og staðhættir .....	19
4.1.1 Náttúra, landslag og saga.....	19
4.1.2 Jarðir og landnotkun innan þjóðgarðsins.....	20
4.1.3 Jón Sigurðsson - Sverð Íslands, sómi og skjöldur.....	28
4.1.4 Skrímsli Arnarfjarðar .....	30
4.1.5 Þegar friðlýst svæði .....	30
4.1.6 Svæði á náttúruminjaskrá og aðrar náttúruminjar .....	37
4.1.7 Friðaðar og friðlýstar fornleifar.....	41
4.1.8 Útivist.....	44
4.1.9 Mörk þjóðgarðs.....	47
4.2 Svæðaskipting þjóðgarðsins- sérreglur á völdum svæðum.....	47
4.3 Samgöngur og aðkomuleiðir.....	48
4.3.1 Aðkoma frá landi.....	48

4.3.2	Ný ferðamannaleið.....	49
4.3.3	Aðkoma frá sjó.....	50
4.4	Flutningskerfi raforku innan þjóðgarðsins.....	50
4.5	Þjónusta, starfsemi og rekstur.....	51
4.6	Stjórnun þjóðgarðsins.....	53
<b>5.</b>	<b>Lokaorð.....</b>	<b>54</b>
	<b>Viðauki I.....</b>	<b>55</b>
	<b>Viðauki II.....</b>	<b>56</b>

## Myndaskrá

Mynd 1.	Í Vatnsfirði.....	8
Mynd 2.	Horft yfir Arnarfjörð ofan við fossinn Dynjanda.....	15
Mynd 3.	Minnisvarði um Hrafna-Flóka í Vatnsfirði.....	19
Mynd 4.	Horft niður í Geirþjófsfjörð.....	23
Mynd 5.	Á Hrafseyri.....	26
Mynd 6.	Jón Sigurðsson.....	29
Mynd 7.	Haförn með útbreidda vængi.....	31
Mynd 8.	Þjóðhátíð Vestfirðinga 1974.....	34
Mynd 9.	Einfalt jarðlagasnið af lögum í Surtarbrandsgili.....	37
Mynd 10.	Vistgerðir innan fyrirhugaðs þjóðgarðs.....	41
Mynd 11.	Staðsetning friðlýstra minjastaða.....	42
Mynd 12.	Svæði þar sem fornleifaskráning hefur farið fram.....	43
Mynd 13.	Víða er hægt að njóta útiveru á svæðinu. Lækur í Geirþjófsfirði.....	46
Mynd 14.	Mörk þjóðgarðsins.....	47
Mynd 15.	Kort af Vestfjarðaleiðinni.....	50
Mynd 16.	Valkostagreining mögulegra móttökustaða í þjóðgarðinum.....	52



# Inngangur

Í september 2019 færði RARIK ríkinu jörðina Dynjanda að gjöf. Innan jarðarmarka Dynjandajarðarinnar er meðal annars fossinn Dynjandi, sem er ásamt öðrum fossum í Dynjandisá, friðlýstur sem náttúruvætti samkvæmt lögum um náttúruvernd. Við undirritun samkomulags vegna gjafarinnar staðfestu stjórnvöld að stefnt væri að frekari friðlýsingu jarðarinnar og vatnasviðs fossins á Dynjandisheiði.

Í byrjun ársins 2020 hófst vinna með Vesturbyggð, Ísafjarðarbæ og Umhverfisstofnun þar sem fyrirhugað var að vinna að stækkun á náttúruvættinu Dynjanda og friðlandinu í Vatnsfirði í landi Brjánslækjar. Fljótlega komu fram hugmyndir um að tengja verndarsvæðin saman í eitt stærra friðlýst svæði vegna náttúru- sögu- og menningarverðmæta sem eru alltumlykjandi á svæðinu. Umræður um hvaða verndarflokkur myndi henta svæðinu þróuðust í þá átt að friðlýsingaflokkurinn þjóðgarður var talinn henta best fyrir heildina með tilliti til verndargildis.

Í ljósi ofangreinds skipaði Guðmundur Ingi Guðbrandsson, umhverfis- og auðlindaráðherra, samstarfshóp, með bréfi dags. 29. september 2020. Hlutverk hópsins var að kanna og undirbúa mögulega stofnun þjóðgarðs á sunnanverðum Vestfjörðum. Í samstarfshópinu voru skipuð:

Steinar Kaldal, formaður, umhverfis- og auðlindaráðuneyti,  
 Birgir Gunnarsson, bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar,  
 Edda Kristín Eiríksdóttir, sérfræðingur frá Umhverfisstofnun,  
 Freyja Pétursdóttir, sérfræðingur frá Umhverfisstofnun,  
 Rebekka Hilmarisdóttir, bæjarstjóri Vesturbyggðar,  
 Rúnar Leifsson, sérfræðingur, tilnefndur af mennta- og menningarmálaráðuneyti,  
 Sigurður Örn Guðleifsson, lögfræðingur, tilnefndur af forsætisráðuneyti,  
 Þuríður Yngvadóttir, formaður Landgræðslusjóðs, tilnefnd af Landgræðslusjóði.

Í skipunarbréfi samstarfshópsins kom fram að hópurinn skyldi skila tillögum sínum til umhverfis- og auðlindaráðherra með það að markmiði að möguleg stofnun þjóðgarðs færi fram þann 17. júní 2021.

Í október 2020 hóf starfshópurinn vinnu sína og í nóvember sama ár voru áform um þjóðgarð formlega birt í Lögbirtingablaðinu, á heimasíðu Umhverfisstofnunar og umhverfis- og auðlindaráðuneytisins. Þar að auki var birt auglýsing um verkefnið í Fréttablaðinu. Á sama tíma var opnuð heimasíða verkefnisins þar sem er að finna fróðleik og upplýsingar um svæðið, auk

almennra upplýsinga um ferli friðlýsinga.<sup>1</sup> Þar eru einnig aðgengilegar fundargerðir starfshópsins og almenningi var gefinn kostur á að koma ábendingum á framfæri sem og að skila inn tillögum að nafni fyrir þjóðgarðinn.

Í lok febrúar auglýsti Umhverfisstofnun lögum samkvæmt tillögu að friðlýsingarskilmálum og mörkum þjóðgarðsins og lauk umsagnarfresti 26. maí 2021. Alls bárust 22 umsagnir.

Á starfstíma sínum hélt starfshópurinn tólf fundi. Fundargerðir starfshópsins hafa verið birtar á heimasíðu verkefnisins. Einnig var fundað sérstaklega með bæjarráðum og sveitarstjórnnum Ísafjarðarbæjar og Vesturbyggðar, málið kynnt, farið yfir friðlýsingarskilmála og spurningum svarað. Tveir opnir fundir fyrir almenning voru einnig haldnir á starfstíma hópsins. Um var að ræða fjarfundi sökum þess að sóttvarnarráðstafanir vegna Covid 19 komu í veg fyrir að hægt var að halda staðfundi. Fyrri fundurinn var haldinn eftir að áform um þjóðgarð voru kynnt. Þar kynntu fulltrúar Umhverfisstofnunar málið og svöruðu spurningum fundargesta. Seinni fundurinn var haldinn eftir að tillaga að friðlýsingarskilmálum og mörkum var kynnt. Á þeim fundi fóru fulltrúar Umhverfisstofnunar yfir vinnu starfshópsins fram til þessa og kynntu skilmálana og þær breytingar sem lagt var til að gerðar yrðu á þeim með tilliti til innsendra athugasemda. Á vinnutíma starfshópsins sendi Umhverfisstofnun einnig dreifibréf til allrar íbúa á Vestfjörðum með upplýsingum um þjóðgarðsáformin og vinnu starfshópsins.

Efni skýrslunnar er afrakstur vinnu starfshópsins. Auk þess naut starfshópurinn aðstoðar Valdimars J. Halldórssonar, safnstjóra safns Jóns Sigurðssonar á Hrafnseyri, við gerð kafla 4.1.2 *Jarðir og landnotkun innan þjóðgarðsins-Hrafnseyri*, Dr. Guðmundar Hálfðanarson, við gerð kafla 4.1.3 *Jón Sigurðsson-Sverð Íslands, sómi og skjöldur*, og Minjastofnunar við gerð kafla 4.1.7. *Friðlýstar og friðaðar fornminjar*. Eru þeim þakkir færðar fyrir sitt framlag.

---

<sup>1</sup> <https://ust.is/nattura/fridlysingar/fridlysingar-i-vinnslu/thjodgardur-a-vestfjordum/>





Mynd 1. Í Vatnsfirði.

# 1. Megin tillögur

Samstarfshópur um þjóðgarð á sunnanverðum Vestfjörðum er sammála um að náttúrulegt, sögulegt og menningarlegt gildi þessi svæðis sem hann hefur haft til skoðunar sé mjög hátt. Hópurinn telur einnig að þjóðgarði geti fylgt jákvæð samfélagsleg og hagræn tækifæri fyrir Vestfirði. Samstarfshópurinn telur mikilvægt að vernda þessi gildi og leggur því til að stofna skuli þjóðgarð á svæðinu. Rök hópsins fyrir því að leggja til friðlýsingarflokkinn þjóðgarð eru þau að í þjóðgördum er lögð áhersla á að vernda náttúruleg vistkerfi, jarðminjar, landslag og menningarminjar sem einkenna svæðið, ásamt því að tryggja aðgang almennings að því til útivistar og til þess að kynnast náttúru og sögu svæðisins.

Samkvæmt tillögu samstarfshópsins munu mörk þjóðgarðsins ná yfir jarðirnar Hrafseyri, Dynjanda, Langabotn í Geirþjófsfirði, Sperðlahlíð og friðlýstu svæðin Vatnsfjörð og Surtarbrandsgil í landi Brjánslækjar. Þjóðgarðurinn er landfræðilega ekki ein heild þar sem að jörðin Hrafseyri og náttúruvættið Surtarbrandsgil tengjast ekki stærri hluta þjóðgarðsins. Samstarfshópurinn telur að í framhaldi af stofnun þjóðgarðs eigi að vinna að því í samstarfi við landeiganda Brjánslækjar, ábúendur á Brjánslæk og Vesturbyggð að kanna möguleikann á að stækka þjóðgarðinn í landi Brjánslækjar þannig að Surtarbrandsgil verði landfræðilega innan marka þjóðgarðsins.

Innan þjóðgarðsins eru svæði sem hafa verið friðlýst í tugi ára og því leggur samstarfshópurinn áherslu á að meginreglur sem finna má í upphaflegum friðlýsingarskilmálum þessara svæða haldi sér. Í friðlýsingarskilmálum þjóðgarðsins eru því sérreglur sem taka til náttúruvættanna Dynjanda og Surtarbrandsgils og friðlandsins Vatnsfjarðar.

Samstarfshópurinn leggur einnig áherslu á að samfélagslega mikilvæg mál tengd innviðaupbyggingu í landshlutanum fái rúm í friðlýsingarskilmálum þjóðgarðsins. Þannig hefur legið fyrir frá upphafi að ávarpa þyrfti samgöngubætur og flutningskerfi raforku í ljósi þess að styrking þessara innviða eru áherslumál á Vestfjörðum. Að tillögu starfshópsins er því fjallað sérstaklega um þessi mál í skilmálum þjóðgarðsins.

Samstarfshópurinn telur einnig mikilvægt að þjóðgarðinum fylgi uppbygging innviða. Nauðsynlegt verði að huga að aðkomu og þjónustu við gesti þjóðgarðsins við helstu aðkomuleiðir hans. Hópurinn telur að horfa þurfi til þess að innviðaupbyggingin þjóni sem best heildarhagsmunum svæðisins og taki mið af náttúrufari, þolmörkum, þjónustustigi og þörfum gesta til framtíðar.

Samstarfshópurinn telur jafnframt brýnt að í þjóðgarðinum verði gert ráð fyrir fjölbreyttum ferðamáta. Ásamt því að stika og viðhalda þeim gönguleiðum sem fyrir eru á svæðinu þá þurfi huga að því að bílastæði og salerni verði til staðar fyrir gesti garðsins.

Að lokum er það mat starfshópsins að nauðsynlegt sé að Ísafjarðarbær, Vesturbyggð og fagstofnanir taki þátt í stefnumótun þjóðgarðsins með Umhverfisstofnun. Starfshópurinn lagði áherslu á að því yrðu gerð skil í friðlýsingarskilmálum og þar kemur fram að með Umhverfisstofnun starfi þjóðgarðsráð sem vinna mun með Umhverfisstofnun. Ráðið mun m.a. fjalla um framkvæmdaáætlun og landvörslu fyrir þjóðgarðinn, vinna með stofnuninni að gerð stjórnunar- og verndaráætlunar ásamt endurskoðun og breytingum, ásamt því að taka önnur stefnumótandi mál er varðar þjóðgarðinn til umfjöllunar, s.s. um þjónustu og atvinnustefnu í þjóðgarðinum.

## 1.1 Heiti þjóðgarðsins

Þegar áform um nýjan þjóðgarð voru auglýst haustið 2020 óskaði Umhverfisstofnun eftir tillögum frá almenningi að nafni á þjóðgarðinn. Alls bárust 21 tillaga frá 28 einstaklingum.

Samstarfshópur verkefnisins fór yfir tillögurnar og valdi úr þeim fimm nöfn. Forsendurnar fyrir valinu voru þær að heitin væru lýsandi og tækju mið af nafngiftum þeirra þriggja þjóðgarða sem fyrir eru. Því var lögð var áhersla á að velja nöfn sem vísuðu til náttúru, staðsetningar og örnefna sem finna má innan þjóðgarðsins.

Ákveðið var að endanlegt nafn þjóðgarðsins yrði valið með því að halda almenna kosningu á milli þessara fimm nafna. Kosningin var rafræn og fór fram á vef Umhverfisstofnunar.

Samstarfshópurinn taldi þessa leið við val á nafni þjóðgarðsins lýðræðislega og nýstárlega þar eð þjóðgarður, eins og nafnið ber með sér, heyrir þjóðinni til. Sjónarmið um það að draga þjóðina að borðinu og veita henni hlutdeild í nafngjöfinni réðu för og með því að hafa ferlið einfalt og létt í vöfum taldi hópurinn það aðgengilegra fyrir fleiri, t.d. með fréttum á samfélagsmiðlum.

Eftirfarandi fimm nöfn voru sett í almenna kosningu:<sup>2</sup>

- **Vesturgarður** - einfalt nafn, lýsandi og grípandi
- **Þjóðgarðurinn Gláma** - nafnið myndi halda á lofti nafni jökuls sem er horfinn ásamt því að vísa til Glámuhálendis
- **Dynjandisþjóðgarður** - vísar til fossins Dynjanda
- **Arnargarður** - vísar til stofns hafarna í þjóðgarðinum
- **Vestfjarðarþjóðgarður**

Samtals bárust 1537 atkvæði og niðurstaða kosningarinnar var sú að tillagan Dynjandisþjóðgarður fékk flest atkvæði. Tillagan að nafninu barst frá Ingimari Ólafsson Waage og Nínu Miðfjörð Erlendsdóttur.

<sup>2</sup> Skýringar við nöfnin koma frá þeim einstaklingum sem sendu tillögurnar inn.

Óskað var eftir álitum Örnefndanefndar á nafninu Dynjandisþjóðgarður. Nefndin gaf það álit sitt að heitið Dynjandisþjóðgarður hæfði vel þjóðgarði á þessu svæði.

## 2. Hvað er þjóðgarður?

### 2.1 Friðlýsingarflokkar

Íslenskir friðlýsingarflokkar eru átta talsins og taka mið af flokkunarkerfi Alþjóðanáttúruverndarsamtakanna (IUCN) fyrir vernduð svæði. Þannig eru friðlýst svæði á Íslandi samanburðarhæf við verndarsvæði í öðrum löndum og auðvelt að leggja mat á árangur verndar. Auk verndarflokkanna er heimild í lögum til að friðlýsa heil vatnakerfi og svæði í verndarflokki rammaáætlunar og auk þess hafa svæði verið friðlýst með sérlögum.

Flokkunarkerfi IUCN grundvallast á því hver markmiðin eru með stjórn svæðanna en fleiri þættir skipta einnig máli, t.d. einkenni svæðanna og sérstaða þeirra. Í greinum íslensku náttúruverndarlaganna um friðlýsingarflokkana er jafnan gerð grein fyrir forsendum fyrir vernd og markmiði með friðlýsingunni.

#### NÁTTÚRUVÉ

Tilgangurinn er að vernda náttúruleg þróunarferli, vistkerfi, fjölbreytni eða ákveðnar tegundir og/eda jarðfræðileg fyrirbæri sem eru viðkvæm, sérstök eða einstök á lands- eða heimsvísu eða í Evrópu. Friðlýsingin miðar að því að standa vörð um náttúrulegt ástand svæðisins og þróun þess eftir eigin lögmálum. Náttúruvé geta verið viðmiðunarsvæði fyrir vísindarannsóknir og vöktun.

#### ÓBYGGÐ VÍÐERNI

Landsvæði þar sem ummerkja mannsins gætir lítið sem ekkert og náttúran þróast án álags af mannlegum umsvifum. Skulu vera a.m.k. 25 km<sup>2</sup> að stærð og að jafnaði í a.m.k. 5 km fjarlægð frá mannvirkjum og öðrum tæknilegum ummerkjum. Miðar að því að varðveita einkenni svæðisins og tryggja að núlifandi og komandi kynslóðir geti notið þar einveru og náttúrunnar án truflunar af mannvirkjum eða umferð vélknúinna farartækja.

#### ÞJÓÐGARÐAR

Stór náttúrusvæði sem eru lítt snortin og hafa að geyma sérstætt eða dæmigert lífríki, jarðminjar og/eda landslag. Einnig skal líta til mikilvægis svæðisins í menningarlegu eða sögulegu tilliti. Miðar að því að vernda heildstæð náttúruleg vistkerfi, jarðminjar, landslag og menningarminjar sem einkenna svæðið og tryggja aðgang almennings að því til útivistar og til þess að kynna náttúru og sögu svæðisins.

#### NÁTTÚRUVÆTTI

Einstakar náttúrumyndanir sem ástæða þykir til að varðveita sökum fræðilegs gildis, fegurðar eða sérkenna. Geta t.d. verið fossar, eldstöðvar, hellar og drangar, svo og fundarstaðir steingervinga, sjaldgæfra steinda, bergtegunda og berggerða, eða lífræn fyrirbæri sem eru einstök og skera sig úr umhverfinu. Friðlýsingin skal jafnframt ná til svæðis kringum náttúrumyndanirnar svo sem nauðsynlegt er til þess að þær fái notið sín.

#### FRIÐLÖND

Markmiðið er að vernda tiltekna vistgerðir og búsvæði og styrkja verndun tegunda lífvera sem eru sjaldgæfar eða í hættu samkvæmt útgefnum vialistum eða til að vernda lífríki sem er sérstaklega fjölbreytt eða sérstætt. Heimilt að kveða á um aðgerðir sem nauðsynlegar eru til að hlúa að og mæta þörfum tegunda sem verndin beinist að eða til að viðhalda búsvæðum eða vistgerðum.

#### LANDSLAGSVERNDARSVÆÐI

Landslag sem þykir sérlega verðmætt vegna fagurfræðilegs og/eda menningarlegs gildis, talið er sérstætt eða fágætt á svæðis-, lands- eða heimsvísu eða skipar mikilvægan sess í vitund þjóðarinnar. Ef um er að ræða svæði þar sem hefðbundnar nytjar eru forsenda fyrir því að varðveita einkenni landslagsins skal tryggja þær áfram. Halda má áfram starfsemi sem stunduð er á svæðinu en gæta að það hafi ekki áhrif á sérkenni og einkenni þess.

**VERNDARSVÆÐI MEÐ SJÁLFBÆRRI NÝTINGU**

Friðlýsa má landsvæði til verndar vistkerfum og búsvæðum ásamt þeim menningarlegu gildum sem tengjast þeim og hefðbundnum nytjum náttúruauðlinda. Viðmið um friðlýsingu slíkra svæða skal vera að þau séu stór, að mestu leyti náttúruleg en hluti þeirra nýttur á sjálfbæran hátt. Markmið með verndun svæða samkvæmt grein þessari er hófsamleg og sjálfbær nýting náttúruauðlinda sem ekki er iðnvædd og samrýmist náttúruvernd..

**FÓLKVANGAR**

Verndun svæðisins miðar að því að auðvelda almenningi aðgang að náttúru og tengdum menningarminjum í nánd við þéttbýli til útivistar, náttúruskoðunar og fræðslu. Umhverfisstofnun annast undirbúning stofnunar fólkvangs í samvinnu við viðkomandi sveitarfélag eða sveitarfélög. Landsvæði fólkvanga skulu vera í eigu sveitarfélags nema sérstakar ástæður mæli með öðru og um það náist samkomulag milli sveitarfélags og landeigenda.

**RAMMAÁÆTLUN - FRIÐLÝSING**

Svæði sem falla í verndarflokk Rammaáætlunar sem Alþingi hefur samþykkt skal friðlýsa gagnvart orkuvinnslu. Friðlýsingin felur í sér að orkuvinnsla og orkurannsóknir eru óheimilar á viðkomandi svæði.

**HEIL VATNAKERFI**

Svæðið má ekki hafa verið flokkað í nýtingarflokk Rammaáætlunar. Miðar m.a. að því að varðveita vatnslindir til framtíðar, tryggja náttúrulega ferla og vatna- og vistfræðilega samfellu á tilteknu vatnasviði og standa vörð um ásýnd og vistfræðilegt þjónustuhlutverk vatnasviða.

## 2.2 Þjóðgarður

Í íslenskum lögum um náttúruvernd er þjóðgarður skilgreindur á eftirfarandi hátt:

Friðlýsa má sem þjóðgarða stór náttúrusvæði sem eru lítt snortin og hafa að geyma sérstætt eða dæmigert lífríki, jarðminjar og/eða landslag. Þegar tekin er ákvörðun um stofnun þjóðgarðs skal einnig líta til mikilvægis svæðisins í menningarlegu eða sögulegu tilliti.

Friðlýsingin skal miða að því að vernda heildstæð náttúruleg vistkerfi, jarðminjar, landslag og menningarminjar sem einkenna svæðið og tryggja aðgang almennings að því til útivistar og til þess að kynnast náttúru og sögu svæðisins. Leggja skal áherslu á fræðslu og upplýsingar í þessu skyni.

Í þjóðgörðum eru allar athafnir og framkvæmdir sem hafa varanleg áhrif á náttúru svæðisins bannaðar nema þær séu nauðsynlegar til að markmið friðlýsingarinnar náist. Frjálsa för fólks samkvæmt almannarétti er aðeins hægt að takmarka á afmörkuðum svæðum í þjóðgörðum þar sem það er nauðsynlegt til að vernda plöntur, dýr, menningarminjar eða jarðminjar.

Landsvæði þjóðgarða skulu vera í ríkiseign nema sérstakar ástæður mæli með öðru og um það náist samkomulag milli ráðherra og landeigenda.

Þrjú svæði eru friðlýst sem þjóðgarðar á Íslandi: Þjóðgarðurinn á Þingvöllum, Þjóðgarðurinn Snæfellsjökull og Vatnajökulsþjóðgarður. Þjóðgarðurinn á Þingvöllum var stofnaður með sérlögum árið 1930, þjóðgarðarnir í Skaftafelli og Jökulsárgljúfrum voru stofnaðir á grunni þágildandi náttúruverndarlaga árin 1967 og 1973. Þeir urðu svo hluti af Vatnajökulsþjóðgarði sem var stofnaður með sérlögum árið 2007. Þjóðgarðurinn Snæfellsjökull var hins vegar stofnaður árið 2001 á grunni náttúruverndarlaga. Dynjandiþjóðgarður verður því fjórði þjóðgarður landsins og fyrsti þjóðgarður landsins sem stofnaður verður eftir að núgildandi lög um náttúruvernd tóku gildi 2015.

## 2.3 Samfélagsleg og hagræn áhrif þjóðgarðs

Niðurstöður rannsókna hafa sýnt fram á að langflestir þeirra ferðamanna sem koma til Íslands nefna náttúru landsins sem ástæðu heimsóknarinnar.<sup>3</sup> Jafnframt sýna gögn um talningar ferðamanna að friðlýst svæði á Íslandi eru meðal helstu ferðamannastaða landsins.<sup>4</sup> Nokkrar íslenskar rannsóknir hafa verið gerðar sem snúa að hagrænum áhrifum þjóðgarða og annarra friðlýstra svæða. Rannsókn Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands á hagrænum áhrifum friðlýstra svæða frá 2018 kemur fram að fyrir hverja krónu sem ríkið leggi til reksturs þjóðgarða og friðlýstra svæða skili sér 13 krónur til baka í formi skatttekna af störfum á friðlýstum svæðum og störfum í ferðaþjónustu á friðlýstum svæðum og grannsvæðum.<sup>5</sup> Í ályktun skýrslunnar segir um niðurstöðurnar að friðlýst svæði víða um land séu mikilvæg fyrir atvinnulíf í næsta nágrenni þeirra. Er þá hvort tveggja horft til starfa á friðlýstu svæðunum og tengd störf í ferðaþjónustu. Í samhengi Vestfjarða má sem dæmi nefna að samkvæmt rannsókninni sagði fimmtungur þeirra ferðamanna sem komu að Dynjanda að fossinn væri aðaláfangastaður ferðar sinnar um Vestfirði.

Árið 2019 kom út skýrsla Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands um náttúruvernd og byggðarþróun. Þar kemur fram að ef rétt er að málum staðið getur friðlýsing skapað ný tækifæri fyrir byggðarlög. Lykilatriðið sé að virku samráði við íbúa í nærsamfélaginu sé viðhaldið við stjórnun friðlýstra svæða.<sup>6</sup>

Í skýrslu Háskóla Íslands *Sýn ferðaþjónustunnar á nýtingu miðhálandis Íslands* voru ferðaþjónustuaðilar á Íslandi spurðir um viðhorf sín til þjóðgarða. Í skýrslunni kemur fram að um 66% svarenda eru sammála því að þjóðgarðar séu aðdráttarafli fyrir ferðamenn. Álíka margir, eða um 60%, eru sammála því að opinberar fjárfestingar í þjóðgördum séu jákvæðar fyrir náttúruna og enn fremur sammála því að þær séu jákvæðar fyrir ferðaþjónustu. Þá eru um 55% sammála því að þjóðgarðar hafi jákvæð áhrif á nærsamfélög.<sup>7</sup>

Í þessu samhengi er vert að benda á að ferðaþjónustan á Vestfjörðum hefur ásamt fleirum unnið að þróun ferðamannaleiðar, Vestfjarðaleiðarinnar. Með

<sup>3</sup> Sjá m.a. landamærarannsóknir Ferðamálastofu <https://www.ferdamalastofa.is/is/um-ferdamalastofu/frettir/skyrslur-med-nidurstodum-landamaerarannsoknar-2019>

<sup>4</sup> Sjá m.a. *Dreifing ferðamanna um landið – Talningar ferðamanna á áfangastöðum* (Rögnvaldur Ólafsson og Gyða Þórhallsdóttir, 2017) <https://www.ferdamalastofa.is/is/tolur-og-utgafur/utgefing-efni/umfang-og-ahrif/dreifing-ferdamanna-um-landid-talningar-ferdamanna-a-afangastodum>

<sup>5</sup> *Áhrif friðlýstra svæða á framleiðslu og atvinnu í næsta umhverfi* (Hagfræðistofnun, 2018). [http://hhi.hi.is/sites/hhi.hi.is/files/sjz/skyrslac1808\\_endurskodud\\_191020\\_1\\_0.pdf](http://hhi.hi.is/sites/hhi.hi.is/files/sjz/skyrslac1808_endurskodud_191020_1_0.pdf)

<sup>6</sup> *Náttúruvernd og byggðarþróun: Áhrif verndarsvæða á grannbyggðir* (Hagfræðistofnun, 2019) [http://hhi.hi.is/sites/hhi.hi.is/files/sjz/natturuverndbyggdathroun\\_lokaeintak\\_fyrir\\_birtingu.pdf](http://hhi.hi.is/sites/hhi.hi.is/files/sjz/natturuverndbyggdathroun_lokaeintak_fyrir_birtingu.pdf)

<sup>7</sup> *Sýn ferðaþjónustunnar á nýtingu miðhálandis Íslands* (Anna Dóra Sæþórsdóttir, o.fl., 2021) [https://www.ferdamalastofa.is/static/research/files/syn\\_ferdathjonustunnar\\_halendi\\_lokaeintak-1pdf](https://www.ferdamalastofa.is/static/research/files/syn_ferdathjonustunnar_halendi_lokaeintak-1pdf)

tilkomu Dýrafjarðarganga og bætts vegar yfir Dynjandisheiði verður til áhugaverð ferðamannaleið og með henni stendur til að skapa nýtt aðdráttarafl fyrir Vestfirði og Ísland sem byggir á upplifun og afþreyingu.<sup>8</sup> Við stofnun þjóðgarðs mun Vestfjarðaleiðin liggja um þjóðgarðinn sem þar af leiðandi gæti aukið aðdráttarafl Vestfjarðaleiðar og þjóðgarðsins enn frekar.



**Mynd 2. Horft yfir Arnarfjörð ofan við fossinn Dynjanda.**

---

<sup>8</sup> <https://www.vestfirdir.is/is/verkefni/vestfjardaleidin>



## 3. Friðlýsing

### 3.1 Friðlýsingarferlið

Þegar áform eru uppi um að friðlýsa svæði fer af stað ákveðið ferli. Eins og kom fram í inngangi skýrslunnar, þá var í tilviki þjóðgarðs á sunnanverðum Vestfjörðum stofnaður samstarfshópur hagaðila sem vann að verkefninu. Hópurinn hélt sinn fyrsta fund 8. október og fundaði reglulega fram að skýrsluskilum. Samtals voru haldnir 12 fundir. Vefsvæði með upplýsingum um vinnu hópsins var opnað á heimasíðu Umhverfisstofnunar.<sup>9</sup> Þar eru allar helstu upplýsingar varðandi fyrirhugaðan þjóðgarð og fundargerðir starfshópsins.

Áform um stofnun þjóðgarðsins voru kynnt opinberlega 3. nóvember 2020. Í ljósi þess að um ríkisjarðir væri að ræða hafði umhverfis- og auðlindaráðuneytið áður leitað samráðs um áformin við fjármála- og efnahagsráðuneytið sem hefur forræði yfir ríkisjörðum. Fjármálaráðuneytið lagði áherslu á að tryggt yrði við vinnu við friðlýsingarskilmála svæðisins að núverandi raflínur og vegir sem liggja um Dynjandisheiði gætu verið þar áfram, sem og að endurnýjun yrði möguleg. Einnig taldi fjármálaráðuneytið að eftir atvikum yrði að vera unnt að leggja nýjar línur til að styrkja innviði raforkuflutnings og -dreifingar á Vestfjörðum, enda yrði farið að almennum lögum sem gilda um slíkar framkvæmdir. Þá taldi fjármála- og efnahagsráðuneytið einnig mikilvægt að tryggja að áfram yrði hægt að nýta ríkisjarðirnar Brjánslæk og Seftjörn undir sambærileg not og fyrir stofnun þjóðgarðs og að jarðirnar hefðu áfram sama nýtingarrétt vegna beitara og veiði í samræmi við reglur sem gilda í friðlandinu í Vatnsfirði.

Kynningartími vegna áforma um friðlýsingu var átta vikur. Kynningin fól í sér tillögu að friðlýsingarflokki, þjóðgarði, skv. 47. gr. laga um náttúruvernd, tillögu að mörkum svæðisins og markmiðum friðlýsingarinnar, þ.e.a.s. hvað á að vernda og hvaða þætti ætti að leggja áherslu á. Umhverfisstofnun bærust sex athugasemdir á tímabilinu. Óskað var eftir umsögnum hagaðila sem og annarra sem áhuga höfðu á málinu. Átta vikna áformatímabilið nýttist starfshópnum til að hefja vinnu við gerð friðlýsingarskilmála fyrir þjóðgarðinn en lokadrög að skilmálum tóku mið af innsendum athugasemdum og ábendingum.

Í desember voru haldnir tveir kynningarfundir, annars vegar með sveitarstjórnarfulltrúum Vesturbyggðar og Ísafjarðarbæjar og hins vegar opinn kynningarfundur fyrir alla áhugasama. Í ljósi sóttvarnarráðstafanna vegna Covid 19 var um fjarfundi að ræða. Opni fundurinn var auglýstur á heimasíðum sveitarfélaganna og tóku um 60 manns þátt í fundinum.

<sup>9</sup> <https://ust.is/nattura/fridlysingar/fridlysingar-i-vinnslu/thjodgardur-a-vestfjordum/>

Drög að friðlýsingarskilmálum ásamt tillögu að mörkum þjóðgarðsins voru auglýst þann 26. febrúar 2021. Jafnframt því að friðlýsingarskilmálar voru auglýstir var sent dreifibréf til allra íbúa á Vestfjörðum þar sem fram komu upplýsingar um þjóðgarðsáformin (sjá Viðauka I).

Áður en tillögurnar voru kynntar hafði átt sér stað samráð við Ríkiseignir sem hefur umsjón með fasteignum, jörðum og auðlindum í eigu ríkisins. Í ljósi þess að hluti þjóðgarðsins nær á haf var atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið upplýst um að friðlýsingarskilmálar hefðu verið auglýstir. Sá hluti þjóðgarðsins sem nær á haf út hefur frá árinu 1975 verið innan marka friðlandsins í Vatnsfirði. Annar opinn fundur, einnig fjarfundur, var haldinn eftir að auglýsing um þjóðgarðinn var opinberlega kynnt. Um 40 manns tóku þátt í fundinum. Fundurinn var auglýstur í útvarpi, á heimasíðu og Facebook síðu Umhverfisstofnunar, auk þess sem sveitarfélögin auglýstu fundinn.

Alls bárust 22 umsagnir um tillögu að auglýsingu um þjóðgarðinn. Ýmsu var hægt að bregðast við með því að betrubæta friðlýsingarskilmálana með tilliti til athugasemdanna. Öðrum athugasemdum sem sneru ekki beint að skilmálunum var svarað í greinargerð Umhverfisstofnunar.<sup>10</sup> Þá var athugasemd ábúenda á Brjánslæk um að mörk þjóðgarðsins miðuðust við núverandi mörk friðlands í Vatnsfirði tekin til greina. Surtarbrandsgil sem verður hluti af þjóðgarðinum mun því ekki vera landfræðilega tengt stærri hluta hans. Starfshópurinn telur þó mikilvægt í ljósi þess að landslagsheildin við Surtarbrandsgil teygir sig upp heiðina og er hluti af þeirri heild sem liggur að Vatnsfjarðarfriðlandinu að skoðaður verði möguleikinn á því að svæðið tengist landfræðilega við þjóðgarðinn. Náttúrufræðistofnun hefur bent á að afmörkun Surtrabrandsgils sé of þröng þar sem verndargildi með tilliti til setlaga og plöntusteingervinga af sama aldri er mikið. Þannig er land Brjánslækjar hluti af „neti“ plöntusteingervinga sem saman gefa upplýsingar um breytingar í fornloftslagi. Þá verður stjórnslagi og dagleg umsjón með þjóðgarðinum einfaldari ef svæðið er ein heild.

### 3.2 Friðlýsingarskilmálar

Friðlýsingarskilmálar eru lagalega bindandi reglur sem settar eru fyrir friðlýst svæði. Vinna við gerð friðlýsingarskilmála hefur þróast í gegnum tíðina. Friðlýsingarskilmálar eldri friðlýstra svæða voru oft einfaldir í sniðum þar sem nokkrar grundvallarreglur voru útlistaðar. Í kjölfar aukinnar þekkingar á lífríki landsins, aukinna krafna um rannsóknir, landnotkun, fræðslu og vegna aukinnar ásóknar ferðamanna að friðlýstum svæðum hafa skilmálarnir orðið nákvæmari. Þar eru tekin fyrir atriði sem nauðsynlegt er að ávarpa vegna verndunar svæðisins en ekki síður vegna aðgengis að svæðinu, uppbyggingar sem talin er

<sup>10</sup> Óbirt við útgáfu skýrslu en verður birt á heimasíðu Umhverfisstofnunar [www.ust.is](http://www.ust.is)

nauðsynleg, landnýtingar sem þar er o.s.frv. Umrædd þróun hefur átt sér stað svo ekki ríki óvissa um hvað sé heimilt á svæðinu.

Friðlýsingarskilmálar taka mið af sérstöðu þess svæðis sem til stendur að friðlýsa, og við gerð skilmálanna er horft til framtíðar varðandi vernd og nýtingu þess. Þannig er gert ráð fyrir fyrirsjáanleika varðandi þær umgengnisreglur sem gilda á svæðinu.

Hafa ber í huga að þrátt fyrir að við gerð friðlýsingarskilmála sé horft til framtíðar geta aðstæður breyst hratt. Umsjónaraðilar friðlýsts svæðis öðlast með tímanum reynslu og innsýn í þarfir þess sem ef til vill var ekki hægt að sjá fyrir. Í flestum tilfellum er unnt að bregðast við breytingum í stjórnunar- og verndaráætlunum sem unnar eru fyrir friðlýst svæði og endurskoðaðar reglulega. Í einhverjum tilvikum getur þó reynst nauðsynlegt að endurskoða friðlýsingarskilmála fyrir svæðið. Í núgildandi lögum um náttúruvernd er ákvæði þess efnis að endurskoða skuli friðlýsingarskilmála gildandi friðlýsinga og endurmeta eftir atvikum verndargildi þeirra. Þá gera lögin einnig ráð fyrir því að afnema eða breyta friðlýsingarskilmálum ef verndargildi hefur rýrnað svo að forsendur eru ekki lengur fyrir friðlýsingu eða ef mjög brýnir samfélagshagsmunir krefjast þess.

Við gerð friðlýsingarskilmála fyrir Þjóðgarð á sunnanverðum Vestfjörðum var það haft að leiðarljósi að tryggja náttúruvernd á svæðinu og auk þess gæta ákveðinna hagsmuna samfélagsins.<sup>11</sup> Þar má benda á ákvæði í skilmálunum sem taka til samgöngubóta, viðhalds og endurnýjun raflína og eftir atvikum lagningu nýrra raflína á Dynjandisheiði. Einnig er lögð áhersla á að reglur um veiðar verði óbreyttar frá því sem verið hefur.

Þjóðgarðurinn nær að hluta yfir ríkisjörðina Brjánslæk, þann hluta sem friðlandið í Vatnsfirði hefur náði yfir frá 1975. Á Brjánslækjarjörðinni eru ábúendur sem gert hafa samning við ríkið um búsetu og afnot af jörðinni. Ábúendurnir hafa afnotarétt af jörðinni eða jarðahluta til búrekstrar eða annars atvinnurekstrar á sviði landbúnaðar í samræmi við ábúðarsamning. Íslensk ábúðarlög gilda um réttindi ábúenda auk þess sem þeir hafa gert samning við ríkið um réttindi og skyldur sínar á umræddri jörð. Frá upphafi vinnu starfshópsins hefur legið fyrir að réttindi ábúenda yrðu ekki skert við stofnun Þjóðgarðs.

---

<sup>11</sup> Samstarfshópurinn samþykkti tillögu að friðlýsingarskilmálum Þjóðgarðsins. Þeir eru í Viðauka II.

## 4. Þjóðgarður á sunnanverðum Vestfjörðum

Dynjandisþjóðgarður nær yfir svæði sem er 314 km<sup>2</sup> að flatarmáli. Þjóðgarðurinn teygir sig, sá eini á landinu fjarða á milli, yfir Dynjandisheiði og skartar fjölbreytileika í landslagi, gróðri og dýralífi. Innan þjóðgarðsins eru jarðir sem búa yfir sögu allt frá landnámi.

Þjóðgarðar eru ekki síður staðir þar sem saga þjóðar hefur mótast. Sem dæmi má nefna að í Þingvallarþjóðgarði var Alþingi Íslendinga til forna. Í Dynjandisþjóðgarði er meðal annars fæðingarstaður Jóns Sigurðssonar sem barðist fyrir sjálfstæði íslensku þjóðarinnar og nýrri staðsetningu Alþingis í Reykjavík. Einnig er talið að Ísland hafi hlotið nafngift sína þegar landkönnuðurinn Hrafna-Flóki Vilgerðarson horfði yfir ísilagða firðina af tindi Lónfells ofan Vatnsfjarðar.



Mynd 3. Minnisvarði um Hrafna-Flóka í Vatnsfirði.

### 4.1 Forsendur og staðhættir

#### 4.1.1 Náttúra, landslag og saga

Náttúrufar á svæðinu einkennist af fjörðum, dölum og dalverpum, heiðalandslagi, fjallendi, ám, fossum og vötnum. Um helmingur íslensku fuglafánunnar verpir innan marka þjóðgarðs, þar á meðal þrettán tegundir fugla á valista. Vatnsfjörður og Dynjandisvogur eru einnig alþjóðlega mikilvægir viðkomustaðir nokkurra fuglategunda sem fara um Ísland vor og haust á leið til og frá varpstöðvum í Grænlandi og Kanada. Búsvæðin eru fjölbreytt og tegundaauðgi nokkur en einstaklingsfjöldi er rýr.

Mörk fyrirhugaðs þjóðgarðs ná frá sjávarmáli í 840 m hæð þar sem hæst er. Á Dynjandisheiði er lítt snortið heiðalandslag með tjörnum. Þaðan er vítt til allra átta og einnig ná óbyggð víðerni yfir allstórt svæði á Glámu. Gróðursæld er mikil

á láglendi og er birki þar einkennandi. Á svæðinu hafa verið skráðar 290 tegundir æðplantna (þ.a. tvær friðlýstar plöntur og nokkrar á valista), 24 mosategundir og 27 fléttutegundir.

Landslag einkennist af þröngum jökulsorfnum fjörðum, fjalllendi og grónum inndölum. Upp af fjörðum, dölum og dalverpum taka við hásléttur og gróðursnauðar heiðar þar sem lesa má mótunarsögu landsins í menjum sem ísaldarjökullinn skildi eftir sig við lok síðustu ísaldar. Á svæðinu eru ummerki fornrar eldvirkni og eldsumbrota á grónum svæðum, t.a.m. heitar uppsprettur, bergganga og trjábolaholur auk þess sem rýna má í 12 milljón ára gróður- og veðurfarssögu Íslands í setlögum á stórum svæðum.

Snörp skil eru á milli gróðursældar og lognkyrrðar láglendisins og tegundafæðar hálendisins þar sem harðneskja landslags og stórkostleg víðátta grípur augað. Útsýni til suðurs yfir hinn eyríka Breiðafjörð er rammað inn af fjallgarði Snæfellsness þar sem jökullinn ber hæst við himinn yst á nesinu. Í norðurátt má virða fyrir sér fagran Arnarfjörðinn sem sagan segir að hafi verið Hrafna-Flóka andagift í nafngjöf landsins.

Einnig má finna fjölda fornleifa, friðaðra og friðlýstra innan fyrirhugaðs þjóðgarðs á Vestfjörðum. Fornleifarnar spanna tímabilið allt frá landnámi og fram á 20. öld.

Á svæðinu fléttast þannig saman, á einstakan hátt, myndunar- og mótunarsaga lands og þeirrar þjóðar sem landið byggði. Ummerki um það hvernig landið varð til er bersýnileg í hraunlögum fjallanna og heitt vatn í jörðu ber vitni um forna eldvirkni áður en gosvirkni á flekaskilunum hratt Vestfjörðum í átt frá hinu virka beltum sem nú þverar landið og lét roföflunum það eftir að skera út firði, slétta úr fjallstoppum og hola innan dali.

Löngu síðar byggðist landið fólki. Sögu Íslendinga í þjóðgarðinum má þannig rekja allt frá því er Hrafna-Flóki kom í Vatnsfjörð fyrir 870, til þess tíma er þjóðin lýsti yfir sjálfstæði sínu á fæðingardeggi sjálfstæðishetju sinnar, Jóns Sigurðssonar frá Hrafseyri við Arnarfjörð, þann 17. júní 1944, og svo áfram til dagsins í dag þar sem fólk hefur viðurværi sitt af landinu og ferðamaðurinn nýtur útivistar á svæðinu.

#### 4.1.2 Jarðir og landnotkun innan þjóðgarðsins

Landsvæði þjóðgarðsins skiptist í nokkrar jarðir. Að stærstum hluta er um ríkisjarðir að ræða, en einnig eru innan þjóðgarðsins jörðin Langibotn í Geirþjófsfirði sem er í eigu Landgræðslusjóðs og hluti jarðarinnar Fossá sem er í einkaeigu og er nú innan friðlands í Vatnsfirði og þar með innan þjóðgarðsmarka.

#### BRJÁNSLÆKUR

Ríkisjörðin Brjánslækur er fornt höfuðból og kirkjustaður við mynni Vatnsfjarðar. Við höfnina á Brjánslæk er ferjustaður og þangað siglir Breiðafjarðarferjan Baldur yfir Breiðafjörð frá Stykkishólmi.

Við höfnina á Brjánslæk eru svokallaðar Flókatóftir sem lengi hafa verið taldar minjar um veru Hrafna-Flóka Vilgerðarsonar á þessum slóðum. Í Landnámu segir að Flóki hafi haft vetursetu á Íslandi, fyrstur norrænna manna á 9. öld og gefið Íslandi nafn. Brjánslækur var eitt af höfuðbólum Guðmundar ríka Arasonar á Reykhólum á 15. öld og þar var tengdasonur hans tekinn af lífi í þeim deilum sem sköpuðust um eignir Guðmundar eftir hans dag. Brjánslækur er kirkjustaður frá fornu fari og þar var prestsetur til ársins 1935.

Brjánslækjarlandinu er í dag skipt upp í eftirfarandi jarðir:

Moshlíð  
Seftjörn  
Brjánslæk II  
Brjánslækjartorfu efri og neðri  
Þverá  
Hjalla  
Hellu  
Friðland í Vatnsfirði

Jörðin Seftjörn II, áður Seftjörn-Hrófsnes, var hluti af Brjánslækjarlandinu en hefur seld.

Á Brjánslæk II og á Seftjörn eru bújarðir. Ábúendur þar eru með erfðaábúð og nýta land Brjánslækjar til landbúnaðar. Friðlandið í Vatnsfirði er að stærstum hluta í landi Brjánslækjar og einnig náttúruvættið Surtarbrandsgil.

Umhverfisstofnun hefur gert samning við ábúendur á Brjánslæk II um umsjón með sýningu um Surtarbrandsgil í gamla prestbústaðnum á Brjánslæk. Nánar er fjallað um Vatnsfirð og Surtarbrandsgil í kaflanum *Þegar friðlýst svæði*.

Í Vatnsfirði innan lóðar Þverár er fiskeldi sem hefur verið starfrækt frá árinu 1984. Starfsemin er á um 1,9 hektara svæði. Ásýnd svæðisins einkennist af lágum mannvirkjum sem fylgja starfseminni, húsum og kerjum. Samkvæmt aðalskipulagi Vesturbyggðar 2006–2018 og deiliskipulagi sem staðfest var í febrúar 2021 hefur svæðið verið skilgreint sem iðnaðarsvæði undir starfsemi Eldisvarar við Seftjörn, lóð 1 þar sem áður var landbúnaðarland. Samkvæmt deiliskipulaginu verður ásýnd svæðisins bætt með því að koma núverandi eldi fyrir í betra húsnæði og koma kerjum og öðru sem tengist fiskeldinu undir eitt þak. Gert er ráð fyrir 60 tonna landeldi á ársgrundvelli.<sup>12</sup>

Fiskeldið er innan marka friðlands Vatnsfjarðar, sem friðlýst var árið 1975, og verður innan marka nýs þjóðgarðs. Um athafnir og framkvæmdir innan svæðis

<sup>12</sup> <http://skipulagsaetlanir.skipulagsstofnun.is/skipulagvefur/DisplayDoc.aspx?itemid=04637504430844061776>

fiskeldis við Seftjörn munu ákvæði starfsleyfis gilda sbr. auglýsingu um friðlýsingu þjóðgarðsins.

Innan þjóðgarðs í landi Brjánslækjar eru tvö frístundahús í einkaeigu og eitt íbúðarhús sem er nýtt sem frístundahús. Að auki eru fjórtán hús innan marka orlofsbyggðarinnar við Flókalund. Samkvæmt opinberum gögnum eru lóðir umhverfis húsin skilgreindar í öllum tilfellum nema húss í Vatnsdal. Tvö hús ofan þjóðveggar við fiskeldið að Þverá eru innan lóðarmarka fiskeldisins (annars vegar íbúðarhús og hins vegar frístundahús). Gert er ráð fyrir að þeir lóðaleigusamningar sem eru í gildi milli eigenda húsanna og íslenska ríkisins við stofnun þjóðgarðs verði endurnýjaðir þegar samningstími þeirra er úti svo fremi eigendur tiltekinna húsa kjósi.

Í aðalskipulagi Vesturbyggðar 2006-2018 er orlofsbyggðin við Flókalund skilgreind sem frístundabyggð og hið sama gildir um þá tillögu að aðalskipulagi 2018-2030 sem er í auglýsingu á ritunartíma þessarar skýrslu. Samkvæmt tillögunni verður uppbygging innan eldri frístundabyggða háð þeim skilyrðum að hún sé í samræmi við gildandi skipulag. Orlofsbyggðin hefur ekki verið deiliskipulögð en unnið er að því að deiliskipuleggja svæðið og er það gert ráð fyrir að frístundahúsum fjölgi um 15 hús innan skilgreindrar frístundabyggðar.<sup>13</sup> Umhverfisstofnun er eigandi að einu frístundahúsanna í byggðinni og hafa landverðir stofnunarinnar þar aðstöðu á sumrin.

#### **GEIRÞJÓFSFJÖRÐUR OG LANGIBOTN<sup>14</sup>**

Geirþjófsfjörður tilheyrir Suðurfjörðum í Arnarfirði. Fjörðurinn er langur og mjór og liggja há fjöll að honum til beggja hliða. Fjörðurinn dregur nafn sitt af Geirþjófi Valþjófssyni sem samkvæmt Landnámu nam Fossfjörð, Reykjarfjörð, Trostansfjörð og Geirþjófsfjörð þar sem hann byggði bæ sinn. Í fjörðinn er ekki akfær vegur, auk þess sem beitarálag hefur minnkað mjög á undanförunum árum. Þetta hefur leitt til þess að gróður hefur breytt svo úr sér að aðkomuleiðir hafa verið nokkuð torfærar gangandi mönnum. Auðveldasta aðgengið í Geirþjófsfjörð er frá sjó, en einnig er hægt að ganga ofan í fjörðinn frá þjóðveginum á Dynjandisheiði. Nálægt upphafi gönguleiðar af heiðinni ofan í fjörðinn er útskotsstæði sem rúmar þrjá til fjóra bíla. Leiðin er hins vegar nokkuð vandfundin og torfær sökum gróðurs og mýra fyrir þá sem ekki eru staðkunnugir. Þá er einnig hægt að ganga í Geirþjófsfjörð fyrir Langanes og Ófærunes úr nærliggjandi fjörðum.

<sup>13</sup> <https://content.vesturbyggd.is/wp-content/uploads/2021/05/08-20-05-flokalundur-lysing-m-breyt-2021-04-29.pdf>

<sup>14</sup> Upplýsingar í kaflanum eru úr *Landgræðslusjóður 50 ára*, Skógræktarritið (1994) – [untitled \(skog.is\)](https://skog.is) og <https://langibotn.wordpress.com/>

Frá fjallinu Botnshesti er fallett útsýni ofan í fjörðinn og skapar það oft hættu í blindbeygju á veginum yfir Dynjandisheiði en þar vilja ferðamenn gjarnan stöðva bifreiðar sínar og litast um.

Náttúran er fögur í Geirþjófsfirði. Samfelld birkikjarr er frá fjarðarbotni og inn í dalbotn og efst í suðurhlíðinni er slitur af gömlum og hávaxnari birkiskógi. Fallegar ár liðast niður hjalla dalsins upp af Geirþjófsfirði og skreyta hann fögrum fossum áður en þær sameinast töluvert ofan fjöruborðs. Fagrir fossar eru í lækjunum tveimur sem mynda Botnsá. Mikil gróðursæld er í Geirþjófsfirði og eins og komið hefur fram hefur gróður vaxið þar án álagstruflana frá búskap, landnýtingu eða framkvæmdum í áratugi, en búseta féll þar niður fyrir 1970. Í firðinum hafa fundist 163 tegundir æðplantna, þar á meðal stefánsól sem er friðlýst og er á valista. Samkvæmt vistgerðarkorti Náttúrufræðistofnunar er að finna nokkrar vistgerðir með hátt verndargildi á svæðinu. Þar má nefna runnamýravist og starungsmýravist sem flokkast með mjög hátt verndargildi, kjarrskógavist, bugðupuntsvist og finnungsvist með hátt verndargildi og urðarskriðuvist, lyngmóavist og stinnastaravist með miðlungshátt verndargildi.<sup>15</sup> Allar þessar vistgerðir eru einnig á lista Bernarsamningsins um vernd villtra dýra, plantna og vistgerða, yfir vistgerðir sem þarfnast verndunar.



Mynd 4. Horft niður í Geirþjófsfjörð.

<sup>15</sup> <https://vistgerdakort.ni.is/>



Árið 1991 fannst hávaxnasti skrautpunktur (*Milium effusum*) á Íslandi í Geirþjófsfirði. Lengd hans var 251 cm. Á fjörukambinum vex mikið af blálilju (*Mertensia maritima*). Í skóginum er þúsundblaðarós (*Athirium distentifolium*) sem er drottnandi burkni. Þá er þar mikið af villtum reyniviði, eins og víðar á Vestfjörðum.

Lengst af var búið á þremur bæjum í Geirþjófsfirði og ekki eru heimildir um annað en að nokkuð samfelld byggð hafi verið þar fram til ársins 1969 þegar fjörðurinn fór í eyði. Bæirnir eru Krosseyri, Langibotn (Auðarbær) og Sperðlahlíð.

Dalurinn upp af botni Geirþjófsfjarðar einkennist af birkiskógi. Í skóginum er einnig töluvert af reyni. Hluti skógarins var friðaður um 1930. Innst í firðinu er jörðin Langibotn í eigu Landgræðslusjóðs. Þar er talið að áðurnefndur Geirþjófur hafi búið. Geirþjófsfjörður og Langibotn eru einnig sögusvið einnar þekktustu Íslendingasagnanna, Gísla sögu Súrssonar og þar er Fylgsnið, tóftir sunnan bæjarárinna, þar sem talið er að Gísli hafi falið sig á meðan á útleið hans stóð. Nálægt bæjaránni á Langabotni eru rústir Auðarbæjar, bæjar Auðar Vésteinsdóttur, konu Gísla, sem bjó þar á meðan Gísli var í útleið. Einnig er þar klettaveggurinn Einhamar, þar sem Gísli varðist óvildarmönnum sínum en var að lokum veginn. Samkvæmt sögunni var Gísli dysjaður í urðinni undir Einhamri.

Árið 1930 hjó Tryggvi Magnússon listmálari minningu um Gísla og Auði í Einhamar í tengslum við Alþingishátíðina sem haldin var til að minnast þess að þúsund ár voru þá liðin frá stofnun Alþingis á Þingvöllum. Við útskotsstæðið á Dynjandisheiði það sem gönguleiðin í fjörðinn liggur eru tvö skilti er segja frá atburðum í Gíslasögu

Árið 1944 fékk Skógrækt ríkisins leyfi til að setja upp sex hektara skógræktargirðingu á jörðinni Langabotni. Árið 1966 keypti Skógræktin Langabotn og á árunum 1953-1971 var barrviður gróðursettur innan girðingarinnar og utan hennar eftir að Landgræðslusjóður eignaðist jörðina. Þar stendur einnig gamalt timburhús sem upphaflega var flutt til Siglufjarðar árið 1840 af norskum hvalveiðimönnum en var árið 1880 sett niður á Langabotni.

Alls hafa verið gróðursettar á Langabotni rúmar 10 þúsund greni- og furuplöntur, sem skráðar hafa verið. Tegundirnar eru skógarfura, sitkagreni og rauðgreni, en auk þess stafafura hefur stafafura verið gróðursett þar. Sitkagrenið og stafafuran hafa dafnað vel, einkum furan, en rauðgrenið miklu síður. Ekki hefur verið gróðursett í Geirþjófsfirði í mörg ár en þess í stað verið unnið að endurheimt birkiskógarins. Starfshópur um þjóðgarð telur mikilvægt að sá skógur sem ræktaður hefur verið í Geirþjófsfirði munu standa áfram þrátt fyrir að svæðið verði hluti þjóðgarðs. Í skóginum liggja menningarleg og söguleg verðmæti.

Eilítið er um sauðfjárbeit en mjög hefur dregið úr henni á liðnum árum. Alla jafna er um eitt hundrað fjár smalað úr Geirþjófsfirði á haustin frá Langanesi, úr

Vatnahviltum og yfir í Ófærunes.<sup>16</sup> Eitthvað er um að svæðið sé notað í ferðapjónustu og undanfarin ár hefur verið boðið upp á tilfallandi bátsferðir frá Bíldudal þar sem gestir fræðast um sögu Gísla Súrssonar og er þá leiðsögumaður gjarnan klæddur eins og forn kappi. Einnig hefur ferðafólki verið boðið upp á að sameina slíkar ferðir sjóstangaferðum í Arnarfirði. Haldnar hafa verið leiksýningar í Langabotni er tengjast Gíslasögu. Þá nýtir göngufólk fjörðinn til útivistar og er gróðursældin, lognviðrið og einveran það sem helst dregur gesti að.

Innan marka þjóðgarðsins í Geirþjófsfirði eru skráð tvö frístundarhús í einkaeigu og íbúðarhúsið í Langabotni í eigu Landgræðslusjóðs.

### SPERÐLAHLÍÐ

Samkvæmt munnmælum bjó Njósna-Helgi, sá er hafði gætur á Gísla Súrssyni samkvæmt Gíslasögu, í Sperðlahlíð. Jörðin var í eigu Rafnseyrarkirkju frá 14. öld, fyrst að hálfu en seinna eignaðist kirkjan alla jörðina.<sup>17</sup> Þar má sjá tóftir eftir bústaðs- og gripahús enda var þar búið í torfhúsi þangað til jörðin fór í eyði á fjórða áratug tuttugustu aldar. Samkvæmt örnefnaskrá Árnastofnunar kemur nafnið til af því að þar hefði verið „mikill útigangur og sauðir feitir og vænir“.<sup>18</sup> Árið 1966 var flutt frumvarp til laga á Alþingi um heimild ríkisstjórnarinnar til að selja héraðslækninum á Bíldudal eyðikotið Sperðlahlíð og í ræðu flutningsmanns komu fram efasemdir um að „lítilmótlegra býli sé til í ríkiseign“.<sup>19</sup>

### DYNJANDI

Bújörðin Dynjandi í Arnarfirði dregur nafn sitt af efsta fossinum í formfagurri röð fossa neðarlega í Dynjandisá. Fyrstu rituðu heimildir um jörðina eru frá miðöldum en fram á 17. öld var hún gjarnan í eigu efnaðra einstaklinga sem sátu hana þó ekki sjálfir. Á 15. öld var Dynjandi t.a.m. í eigu Guðmundar ríka Arasonar á Reykhólum sem átti fjölmargar jarðir á Vestfjörðum. Undir Dynjanda var hjáleigan Búðavík sem fór í eyði fyrir miðja 17. öld. Dynjandi var í ábúð til ársins 1951 þegar síðustu ábúendur fluttu til Bíldudals en hún var þó nýttjuð fram á sjöunda áratug 20. aldar.

Í dag er Dynjandi fjölsóttasti áfangastaður ferðamanna á Vestfjörðum utan þéttbýliskjarna. Þar hafa verið byggðir upp innviðir fyrir gesti í formi bílastæða, salerna, göngustíga og útsýnispalla. Að auki er þar aðstöðuhús landvarða.

Nánar er fjallað um Dynjanda í kafla *Þegar fríðlýst svæði*.

<sup>16</sup> Jóhann Pétur Ágústsson (munnleg heimild, 28. nóvember 2019).

<sup>17</sup> <https://sogurogsagnir.is/sagnabrunnur/rafnseyri/#sdfootnote60sym>

<sup>18</sup> <https://nafnid.arnastofnun.is/ornefnaskra/14107>

<sup>19</sup> <https://www.althingi.is/altext/raeda/?lthing=86&rnr=2537>

## HRAFNSEYRI

Íslenska ríkið er eigandi jarðarinnar Hrafnseyri við Arnarfjörð.

Forsætisráðuneytið hefur yfirumsjón með rekstri og viðhaldi staðarins fyrir hönd ríkisins, en staðarhaldari sér um daglegan rekstur hans fyrir ráðuneytið.

Auk stærsta hússins á staðnum sem tekið var í notkun árið 1961 og hýsir sýninguna „Í þágu þjóðar“ þar sem fjallað er um líf og starf Jóns Sigurðssonar, er timburkirkja á staðnum sem vígð var árið 1886 og torfbær, sem er eftirlíking af fæðingarbæ Jóns Sigurðssonar. Í torfbænum eru kaffiveitingar auk þess sem sýnd eru þar listaverk listamanns sumarsins. Torfbær þessi var opnaður árið 1997 og er nýjasta húsið á staðnum.

Fornleifarannsóknir voru fyrst framkvæmdar á Hrafnseyri árin 1977-78 þar sem grafin voru upp skáli og fleiri hús í landi Hrafnseyrar nálægt Hrafnseyrarósi og kallað Grelútóftir, í höfuðið á Grelöði Bjartmannsdóttur konu Áns rauðfelds Grímssonar. Grelöður og Ánn hófu búskap sinn á Hrafnseyri í byrjun 10. aldar og eru talin vera fyrstu ábúendur staðarins. Skálinn er lítill og ólíklegt að þar hafi búið efnaðir landnámsmenn.



Mynd 5. Á Hrafnseyri.

Fornleifarannsóknir hófust svo aftur á Hrafnseyri og á nágrennabænum Auðkúlu árið 2011 og hafa staðið yfir í 10 ár. Grafið var í túnið austan til við núverandi timburkirkju á Hrafnseyri, þar sem í ljós komu kolagrafir og leifar af járnvinnsluofnum frá lokum 9. Aldar. Bendir það til þess að járn- og kolagerð hafi verið stunduð í töluverðu mæli á staðnum. Einnig var grafið upp fjölnota jarðhýsi, sem fornleifafræðingar telja fyrstu húsin sem byggð voru þegar fólk ákvað að setjast að og hefja búskap. Staðfest hefur verið hvar stór skáli hefur staðið í túninu en hann hefur ekki verið grafinn upp.

Núverandi timburkirkja á Hrafnseyri var vígð 1886, en fornleifarannsóknir í forna kirkjugarðinum, sunnan til við timburkirkjuna og tilheyrandi kirkjugarð, benda til þess að kirkja hafi verið á Hrafnseyri allt frá Kristnitöku (þ.e. um árið 1000). Talið er að á 14. eða 15. öld hafi þetta forna kirkjustæði verið flutt á þann stað sem núverandi kirkja stendur. Fram til siðaskipta um miðja 16. öld var kirkjan helguð

Maríu mey og Péttri postula að kaþólskum sið. Ekki er vitað hversu margir prestar sátu á Hrafnseyri frá Kristnitöku, en síðasti presturinn yfirgaf staðinn árið 1960. Kirkjunni er nú þjónað frá Þingeyrarprestakalli.

### **Landnám Hrafnseyrar um aldamótin 900**

Almennt er talið að landnám Íslands hafi átt sér stað á tímabilinu 870 – 930 e. Kr. Talið er að fyrstur manna til að nema land í Arnarfirði hafi verið maður að nafni Örn, sem flúði frá Rogalandi í Noregi árið 900 e. Kr. undan ofríki Haralds hárfagra Noregskonungs (850 – 933 e. Kr.).

Ánn rauðfeldur Grímsson frá Hrafnistu í Noregi varð einnig að flýja ofríki Noregskonungs og ákvað að sigla til Íslands. En í stað þess að sigla beint hingað til lands, sigldi Ánn fyrst í víking til Írlands þar sem hann herjaði og fékk Grelöðar dóttur Bjartmars jarls sér fyrir konu. Síðan sigldu þau til Íslands og komu í Arnarfjörð einum vetri síðar en Örn. Eftir vetursetu í Dufansdal, sem liggur á milli Otradals og Fossdals í Suðurfjörðum Arnarfjarðar, seldi Örn þeim allan norðurhluta Arnarfjarðar frá Stapadal að Langanesi. Ánn og Grelöð búsettu sig þá á Eyri, sem síðar var nefnd Hrafnseyri í höfuðið á höfðingjanum Hrafn Sveinbjarnarsyni.

### **Höfðinginn Hrafn Sveinbjarnarson- vinur alþýðunnar og frægasti læknir Íslendinga á miðöldum**

Einn helsti goðorðsmaður og höfðingi á Vestfjörðum um aldamótin 1200 var Hrafn Sveinbjarnarson (d. 1213) á Hrafnseyri við Arnarfjörð.

Höfðingjadæmi hans náði frá Barðaströnd norður að Ísafjarðardjúpi. Hrafn var kristinn og vildi veg kirkjunnar sem mestan. Hann ferðaðist víða og sigldi meðal annars nokkrum sinnum til Noregs, auk þess sem hann heimsótti Bretland, Skotland, Frakkland, Spán og Ítalíu.

Hrafn er sennilega þekktastur allra höfðingja á Íslandi á þjóðveldisöld fyrir störf sín í þágu almennings. Hann hélt uppi samgöngum með ferjum yfir Arnarfjörð og Breiðafjörð öllum að kostnaðralausu og gaf fátækum mat og húsaskjól þegar eftir því var leitað. Einnig stundaði Hrafn lækningar á öllu fólki sem til hans leitaði, óháð efnahag eða búsetu, og veitti endurgjaldslaust. Að síðustu ber að nefna skurðaðgerðir Hrafns sem bera þess vitni að hann hafi búið yfir bestu læknisfræðilegri þekkingu þess tíma sem eingöngu var kennd í helstu læknaskólum Suður-Evrópu. Hann er því einn af fyrstu boðberum nútíma vísinda hér á landi.

Þjóðveldi var við lýði á Íslandi 930 – 1262, er Íslendingar gengu Noregskonungi á hönd. Um var að ræða bændasamfélag sem stjórnað var af svokölluðum goðorðsmönnum eða goðum, sem voru helstu höfðingjar landsins. Goðorðin voru bandalög bænda og goða sem skuldbundu sig til að verja hvorir aðra fyrir ágangi annarra.

Margt bendir til þess að goðarnir hafi í fyrstu verið trúarleiðtogar er stjórnðu heiðnum trúarathöfnum auk þess sem þeir héldu uppi lögum og reglu í

heimahéraði. En eftir kristnitökuna árið 1000 urðu þeir smám saman að veraldlegum höfðingjum. Fljótlega myndaðist smáríki kringum helstu höfðingjana í hverju héraði, sem urðu að sérstökum héraðsríkjum. Friður í landinu byggðist á valdajafnvægi milli höfðingjanna og hélst sá friður nokkurn veginn fram undir aldamótin 1200 er þeir fóru að berast á banaspjótum. Barátta höfðingjanna við hvorn annan varð að lokum til þess að þjóðveldið liðaðist í sundur, því sameiginleg yfirstjórn var ekki til fyrr en landsmenn gengu konungsveldi Noregs á hönd.

Í þennan malstraum vopnaðra átaka sogaðist Hrafn Sveinbjarnarson er hann lenti í útistöðum við Þorvald Snorrason nágrennahöfðingja sinn sem bjó í Vatnsfirði við Ísafjarðardjúp. Þeim útistöðum lauk með því að Þorvaldur tók Hrafn af lífi árið 1213, eftir að hafa mistekist það ætlunarverk sitt tvisvar sinnum áður. Talið er að Hrafn hafi þá verið rúmlega 40 ára gamall.

Steinunn dóttir Hrafns tók við búi föður síns á Hrafnseyri eftir dauða hans. Hún eignaðist son sem hét Hrafn Oddsson. Hann varð fyrsti hirðstjóri Noregskonungs á Íslandi (1270) og þess vegna fyrsti umboðsmaður erlends valds hér á landi.

Rúmlega 500 árum síðar, eða árið 1811, fæddist svo Jón Sigurðsson á Hrafnseyri sem síðar varð forystumaður sjálfstæðishreyfingu Íslendinga gegn þessu erlendu valdi, sem þá var orðið að dönsku konungsvaldi.

#### **4.1.3 Jón Sigurðsson - Sverð Íslands, sómi og skjöldur**

Jón Sigurðsson fæddist á prestssetrinu Hrafnseyri við Arnarfjörð 17. júní 1811. Munnmælasögur benda til að Jón hafi alist upp við svipuð störf og önnur ungmenni í vestfirsku sveitasamfélagi, enda var faðir hans, séra Sigurður Jónsson, annálaður búhöldur. Jón naut þó þeirra forréttinda að séra Sigurður var ekki aðeins góður bóndi heldur einnig vel að sér í fræðunum og tók hann son sinn ungan til náms. Lauk Jón Sigurðsson öllum undirbúningi fyrir stúdentspróf í heimahúsum og lauk hann því tæpra 18 ára gamall hjá dómkirkjuprestinum í Reykjavík.

Ýmislegt bendir til að séra Sigurður hafi hugsað sér að sonur hans yrði prestur á Vestfjörðum en á þessum tíma þótti stúdentspróf nægur undirbúningur undir prestskap. Jón Sigurðsson hafði þó annað í huga því að árið 1833 sigldi hann til Kaupmannahafnar til háskólanáms. Ólíkt flestum löndum sínum skráði Jón sig hvorki í guðfræði né lögfræði heldur kaus hann málfræði og sögu sem námsgreinar. Næstu árin sökkta Jón sér niður í nám og rannsóknir á íslenskum handritum. Þótt Jón Sigurðsson hafi sýnt ágæta hæfileika til náms þá lauk hann aldrei prófi frá háskólanum bæði vegna anna við fræðastörf og þess að áhugi hans beindist inn á nýjar brautir eftir nokkurra ára dvöl í höfuðstaðnum.



**Mynd 6. Jón Sigurðsson.**

Jón Sigurðsson kom til Kaupmannahafnar á miklum umbrotatímum í dönskum stjórnámálum þar sem hugmyndir um lýðræði og þjóðerni grófu smám saman undan tiltrú á stjórn hins einvalda konungs. Ekki er að sjá að Jón hafi skipt sér verulega af pólitík á fyrstu árum sínum í Danmörku en það breyttist snögg um það leyti að Kristján VIII. konungur boðaði stofnun sérstaks ráðgefandi þings á Íslandi. Snemma árs 1841, þá tæplega þrítugur að aldri, stofnaði Jón til tímarits í Kaupmannahöfn sem fékk heitið Ný félagsrit. Varð það helsta mál gagn hans næstu áratugi. Umdeildast í málflutningi Jóns í upphafi var að hann vildi hafa Alþingi í Reykjavík en ekki á hinum forna þingstað á Þingvöllum eins og Fjölismenn og aðrir rómantískir einstaklingar börðust ákaflega fyrir. Jón sagði: „En þótt hugur og tilfinningar mæli fram með þingvelli, þá mælir að minni hyggju skynsemi og forsjálni með Reykjavík“. Hann taldi þannig nauðsynlegt að efla miðstöð stjórnsýslu, lærdóms og iðnaðar á Íslandi.<sup>20</sup> Jón var síðan kjörinn á fyrsta þing Alþingis hins nýja sem kom saman í Reykjavík sumarið 1845. Gegndi hann þingmennsku fyrir Ísafjarðarsýslu til dauðadags og starfs forseta flestra þinganna sem hann sat frá 1849.

Kröfur Íslendinga á hendur Dana komu fullmótaðar fram á svokölluðum þjóðfundi sem haldinn var í Reykjavík sumarið 1851. Þær voru að mestu mótaðar af Jóni Sigurðssyni og byggðar á rannsóknum hans á sögu Íslands. Kjarni stjórnálmahugmynda Jóns var sú sannfæring hans að Íslendingar væru frjálst sambandsland Danmerkur og ættu því rétt á að ráða sínum málum sjálfir án afskipta frá stjórn eða þjóðþingi Dana. Eins og málum var háttað á Íslandi þá taldi hann þó óhjákvæmilegt að viðhalda sambandi Íslands við Danmörku,

<sup>20</sup> Guðjón Friðriksson (2011), *Alþingi - á sal Lærða skólans*, <http://jonsigurdsson.is/images/uploads/althingi-a-sal-laerda-skolans.pdf>

a.m.k. þangað til að Íslendingar hefðu burði til að reka sín mál án utanaðkomandi aðstoðar. Íslendingar fylgdu þessar stefnu af einurð þar til samið var við Dani um fullveldi Íslands árið 1918.

Þó að Jón Sigurðsson hafi búið stærstan hluta ævi sinnar í Kaupmannahöfn þá bjó hann þar að uppeldi sínu á Hrafnseyri við Arnarfjörð. Árið 1845 kvæntist hann frænku sinni Ingibjörgu Einarsdóttur en þau voru bræðrabörn. Mikill gestagangur var á heimili Jóns og Ingibjargar enda þjónaði það sem eins konar samkomustaður Íslendinga í Kaupmannahöfn um árabil. Jón Sigurðsson lést 7. desember 1879 en Ingibjörg kona hans níu dögum síðar. Voru þau hjón borin til grafar í Reykjavík 4. maí 1880 en á kistu Jóns var lagður silfursveigur sem Íslendingar í Kaupmannahöfn gáfu til minningar um þjóðhetjuna. Á hann var letrað: „Óskabarn Íslands, sómi þess, sverð og skjöldur“.

#### 4.1.4 Skrímsli Arnarfjarðar

Þegar tekin er ákvörðun um stofnun þjóðgarðs er meðal annars horft til mikilvægis svæðis í menningarlegu tilliti. Þjóðtrú og þjóðsagnir um hin ýmsu óvætti við strendur landsins hafa fylgt þjóðinni frá því búseta hófst. Vestfirðir hafa verið helsta uppspretta sögusagna um sæskrímsli við Íslandsstrendur. Margar þessara skrímslasagna gerast í Arnarfirði og hafa öll þekktustu skrímslin sést þar samkvæmt sögunum. Af þeim er fjörulallinn algengastur og eru til fjöldi sagna um viðureignir manna við fjörulalla. Á Skrímslasetrinu í Bíldudal eru allavega 36 skjalfestar frásagnir um fjörulalla. Samkvæmt lýsingu er fjörulallinn er á stærð við hest nema miklu lágfættari. Hann er loðinn og hanga þaraþönglar, hrúðurkarlar og skeljar niður úr feldi hans. Sagt er að hann reyni að læðast upp fyrir fólk í fjörunni og þröngva þeim með sér niður í sjóinn. Sagnir um skeljaskrímslið eru líka margar. Það er sagt kubbislegt, höfuðstórt og kjaftmikið ferlíki. Ekki ósvipað flóðhesti að lögun en miklu stærra. Saxaskrímsli, marhross eða faxi er rauðfext stórskrímsli með stór áberandi græn augu. Skepnan er sögð mjög lík drekum úr kínverskri list og víðar um heim.

Þá er hafmaðurinn sagður ljótasta skrímslið af þeim öllum. Hann kemur sjaldan upp á land en ef hann lætur sjá sig þar þá gengur hann á tveimur fótum og dregur þungan magann eftir jörðinni. Hendurnar eru mjög stuttar og á þeim eru langar klær. Andlitið er lítið meira en kjaftur og augu. Beittar langar tennur eru í kjaftinum og augun eru starandi. Sagan segir að menn hafi orðið vitstola bara við að horfa framan í hafmanninn.<sup>21</sup>

#### 4.1.5 Þegar friðlýst svæði

Á því svæði sem Dynjandisþjóðgarður mun ná yfir eru þrjú svæði þegar friðlýst. Svæðin eru friðlandið í Vatnsfirði og náttúruvættin Dynjandi og Surtarbrandsgil. Þjóðgarðurinn nær að hluta á sjó út í Vatnsfirði og mætir verndarsvæði

<sup>21</sup> <https://skrimli.is/islenska/>

Breiðafjarðar í fjöru. Umfjöllun sem hér fylgir er fengin af heimasíðu Umhverfisstofnunar og birt með leyfi stofnunarinnar.<sup>22</sup>

### VATNSFJÖRÐUR

Vatnsfjörður var friðlýstur sem friðland árið 1975. Tilgangur friðlýsingarinnar er að vernda náttúru á þann hátt að fólki gefist kostur á að njóta hennar. Friðlandið er alls um 20.000 hektarar. Um fjórir fimmtu hlutar þess eru grýtt og gróðurlítið hálendi en láglandið er að mestu kjarri vaxið. Samspil landslags og sjávarfalla við Breiðafjörð gerir það að verkum að fjörðurinn er ríkur af botngróðri sem er undirstaða hins auðuga lífríkis sem þar er að finna. Fuglalíf er fjölbreytt og líflegt um að litast á varptíma en innan friðlands má finna öll varpsvæði nema fuglabjörg og þar verpa 40 tegundir sem er um helmingur íslensku fánunnar. Meðal þessara tegunda eru vatnafuglar svo sem lómur og himbrimi og þrettán tegundir á valista, þ.m.t. haförn og fálki. Svæðið er einnig alþjóðlega mikilvægt fæðuöflunarsvæði nokkurra tegunda sem fara um Ísland vor og haust á leið til og frá varpstöðvum sínum í Grænlandi og Kanada. Mikilvæg búsvæði landsela eru á svæðinu en þeir eru á valista vegna mikillar fækkunar.



Mynd 7. Haförn með útbreidda vængi.

### Landslag og jökulminjar

Jökulminjar ísaldarjökla eru víða greinanlegar og roföflin hafa sorfið landið þar sem eldvirkni er ekki á Vestfjörðum, enda langt utan sprungu- og gossvæða. Víst má telja að síðast hafi eldsumbrot orðið á Vestfjörðum fyrir um átta milljónum ára og jarðhitinn sem þar má finna eru því leifar þess tíma þegar

<sup>22</sup> <https://ust.is/nattura/naturuverndarsvaedi/fridlyst-svaedi/vefstidir/>



svæðið var virkt eldfjallasvæði. Í klettum á Hörgsnesi er nokkuð um trjábolaholur þar sem glóandi hraun hefur runnið yfir skóglendi og fallin tré kolast og skilið eftir sig göt. Yfir firðinum að vestan gnæfa tindar Hornatáa rúmlega 700 m yfir sjávarmáli og oft vísað til þeirra sem kórónu Vatnsfjarðar. Hornatær hafa líklega staðið lengi sem jökulsker í Ísaldarjöklinum því hásléttan á svæðinu er að jafnaði um 500 m yfir sjávarmáli. Af öðrum jökulminjum má nefna hrygginn sem skilur Vatnsdalsvatn frá fjarðarbotninum en það er berghaft sem jökullinn hefur ekki megnað að sverfa. Innst í Vatnsdal eru fornar sjávarfjörur. Berggangar setja nokkurn svip á svæðið og í grennd við þá er gjarnan fyrrnefndur jarðhiti.

Vatnsdalsvatn er stærsta vatnið í friðlandinu, um tveir ferkílómetrar. Fleiri vötn er þó þar að finna og má nefna Helluvatn, Öskjuvatn og Þverdalsvatn. Ár og lækir sem mótað hafa landið er víða að finna og margar leyndar perlur í formi fagurra fossa sem steypast niður kletta og gljúfur.

### Gróður

Birkikjarr er áberandi á láglendi og innan þess má víða finna reynitré. Undirgróður í kjarrinu er fjölbreyttur og nefna má tegundir eins og blágresi, einir og lyngtegundir svo sem bláberja-, aðalbláberja-, kræki-, sortu- og hrútbaberjalyng. Á láglendinu má einnig finna mýrar í litlum mæli þar sem klóffá er algengasta tegundin. Á hálendinu er gróðurþekja minni. Í snjóðældum má finna blómskrúð og burknar eru einnig algengir á snjóþyngri svæðum. Mosar, fléttur og skófir eru áberandi á hálendinu sem og í skriðum og klettum á láglendi. Sjávarfitjar eru á nokkrum stöðum en við sjávarmálið eru víða bóluþangs- og klóþangsbreiður en leirur innst í Vatnsfirði. Úti við Hörgsnes vex marhálmur í sjó en hann er mikilvæg fæða fyrir tegundir svo sem gæsir og álftrir. Vatnsfjörður er rómaður fyrir einstaka gróðursæld og innan friðlandsins er birki með því hæsta sem gerist á Vestfjörðum.

### Menning og saga

Um Vatnsfjörð hafa löngum legið alfaraleiðir og fornar vörður á víð og dreif um fjöllin vitna um löngu týndar götur. Eyðibýlin Þverá, Hella og Uppsalar fóru í eyði á fyrri hluta tuttugustu aldar en Vatnsdalsbakkar löngu fyrr.

Þingmannaheiði er forn þjóðleið frá Vatnsfirði, sem liggur upp með Þingmannaá og kemur niður í Vattarfirði. Nafnið á heiðinni er líklega tilkomið vegna þess að leið þingmanna á héraðsþing til forna, sem og á Alþingi á Þingvöllum, hefur legið um hana. Margar sögur eru til um hrakningar manna á þessum slóðum og á Þingmannaheiði er að finna heillega vörðuröð þar sem margar vörður eru listilega vel hlaðnar. Hin forna leið á Þingmannaheiði er víða niðurgráfin og liggur með vörðunum, en bílvegur sem gerður var árið 1951 liggur á köflum við hlið hinar fornu leiðar.

Samkvæmt Landnámabók var Flóki Vilgerðarson fyrstur norrænna manna sem hafði vetursetu á Íslandi og kom hann að landi í Vatnsfirði með hrafna sína þrjá

samkvæmt sögunni. Um vorið gekk Flóki upp á fjall eitt og er hann sá norður yfir fjöllin sá hann fjörð fullan af hafis og kallaði hann því landið Ísland sem það hefur síðan heitið. Heimamenn hafa lengi talið að það fjall sé hugsanlega Lónfell. Flóki hélt aftur til Noregs eftir einn vetur í Vatnsfirði og annan í Borgarfirði en mun svo að líkindum hafa snúið aftur til Íslands og sest að í Skagafirði. Ef sagan af Flóka í Landnámu er sönn er talið líklegt að hann hafi verið í Vatnsfirði á milli árunna 860-870. Á Flókatóftum við Brjánslækjarhöfn, utan friðlands, er að finna nokkrar rústir og aldursgreiningar Minjastofnunar hafa leitt í ljós að þær eru frá mismundandi tímum. Elsta rústin er frá síðari hluta 9. aldar og passar við þann tíma sem Landnáma segir að Flóki hafi haft vetursetu á þessum slóðum.

Sunnanverðir Vestfirðir eru hluti af söguviði Gísla sögu Súrssonar og Gíslahellir á Hörgsnesi dregur nafn sitt af fornum munnmælum um að þar hafi Gísli Súrsson hafist við á flóttu sínum undan Berki digra og mönnum hans. Um er að ræða berghelli í jörðu sem er inngengur um hálfgerða holu, veggir og þak eru úr bergi en á gólfinu smágerð möl. Hellirinn er um fjórir m að þvermáli, hæstur í miðju þar sem hann er um 2,5 m en lækkar út til veggja. Í Smiðjukleifum, við Þingmannaá í Vatnsfirði, er að finna rúst af smiðju sem kennd er við Gest Oddleifsson. Gestur, kallaður hinn spaki, bjó í Haga á Barðaströnd síðla á 10. og í upphafi 11. aldar. Munnmæli herma að hann hafi átt rauðsmiðju sína á þessum stað, þ.e. brætt þar mýrarrauða til járngerðar. Tóftin var könnuð seint á 19. öld og staðfest að rústin er forn smiðja.

Árið 1974 fagnaði þjóðin 1100 ára afmæli Íslandsbyggðar. Á Vestfjörðum var blásið til hátíðar dagana 13.-14. júlí í Vatnsfirði og viðstaddir voru um 10.-12.000 gestir. Hver sýsla á Vestfjörðum hafði sitt afmarkaða tjaldstæði með hliði sem merkt var tákni héraðsins, bílastæði voru fyrir um 2000 bíla, minjagripir voru framleiddir, pósthús starfrækt á hátíðarsvæðinu og matvælaverslun með helstu nauðsynjar. Dagskráin var fjölbreytt og danspallar voru á svæðinu þar sem hljómsveitir spiluðu. Víkingaskip sigldi inn Vatnsdalsvatn með Hrafna-Flóka í stafni, sem sleppti hrafni frá skipinu, en um var að ræða sögulegan þátt sem saminn hafði verið af þessu tilefni. Útimessa var haldin þar sem allir prestar fjórðungsins þjónuðu og voru tvö brúðhjón gefin saman. Ætla má að meirihluti íbúa á Vestfjörðum hafi verið í Vatnsfirði sem og brottfluttir ásamt öðrum gestum. Hátíðin þótti einstaklega vel heppnuð og hefur líklega átt þátt í því að Vatnsfjörður var friðaður ári síðar.



Mynd 8. Þjóðhátíð Vestfirðinga 1974.

Aldrei hefur slíkur fjöldi komið saman í Vatnsfirði síðan og í dag er rólegt um að litast á svæðinu þar sem tjaldað var í Vatnsdal og nú gista tjaldgestir á skipulögðu tjaldstæði við Flókalund. Hátíðin varð til þess að vekja verðskuldaða athygli á Vatnsfirði, gæðum landsins, sögu og verðmæti. Í ágúst 1974 hélt Náttúruverndarráð fund í Flókalundi þar sem tillaga að verndun fjarðarins var rædd og hann var svo friðlýstur í mars 1975.

### DYNJANDI

Dynjandi og aðrir fossar í Dynjandisá ásamt umhverfi þeirra voru friðlýstir sem náttúruvætti árið 1981. Markmið friðlýsingarinnar er að vernda fossastigann í ánni sem hefur orðið til vegna lagskiptingar bergsins í hraunlög og lausari millilög.

Óviða er vatnsniður meiri en við Dynjanda. Ómur af drununum berst langar leiðir og ber fossinn því nafn með rentu. Sérstaða Dynjanda er helst fólgin í því hve formfagur fossinn er þar sem hann fellur af brún niður eftir hörðu blágrýtislagi, 99 m hár, 30 m breiður efst en breiðir úr sér í 60 m breidd neðst. Áin liðast áfram niður sjö fossa sem eru hverjum öðrum fegurri uns hún nær um skamman veg til sjávar í Dynjandisvogi. Fossarnir nefnast (talið að ofan): Dynjandi, Hæstahjallafoss (Úðafoss), Strompgljúfrafoss (Strompur), Göngumannafoss, Hrísvaðsfoss, Kvíslarfoss, Hundafoss og Bæjarfoss.

Auk Dynjandisár fellur áin Svína í Dynjandisvog og talið er líklegt að hún dragi nafn sitt af svínunum sem forðum voru höfð á beit í nágrenninu. Í Svínu er fallegur foss sem nefnist Gyrðisfoss og sést hann vel frá Þjóðveginum þegar keyrt er upp Dynjandisdal en fellur nokkuð í skuggann af hinum fræga nágrenna sínum og fær trauðla þá athygli sem hann annars ætti skilið.

## Gróður

Gróðurfar á svæðinu einkennist af graslendi og lyngbrekkum. Flatlendið er að mestu gömul tún og graslendi en í brekkunum má finna lyng neðst og mosa, fjalldrapa og birki eftir því sem ofar dregur. Í kringum læki eru votlendisblettir þar sem klóffifa og mýrarstör vaxa. Austan Dynjandisár er birki einna helst áberandi en reyniviður stendur upp úr kjarrinu á stöku stað. Á svæðinu finnast sjaldgæfar tegundir á landsvísu svo sem sóldögg og þríhyrnuburkni en alls hafa 77 tegundir æðplantna verið skráðar.

## Dýralíf

Fjölbreytt fuglalíf er í Dynjandisvogi og þar hafa verið skráðar 35 tegundir fugla. Krían er áberandi á varptíma og algengt er að sjá álfir og æðarfugl á sundi í sjónum við fjöruna. Straumönd er gjarnan við ósa Dynjandisár og þegar líða tekur á sumarið má sjá hana á sundi upp með ánni. Algengur fargestur vor og haust er rauðbrystingur en hann hefur vetursetu í Vestur-Evrópu og Vestur-Afríku en verpir á Grænlandi og í Kanada. Landselir sjást oft baða sig í sólinni við ósa árinna Svínu á útfirði.

## Saga og menning

Fyrstu heimildir um jörðina Dynjanda eru frá miðöldum en fram á 17. öld var hún oftast í eigu ríkra einstaklinga sem búsettir voru utan Arnarfjarðar. Meðal annars var jörðin í eigu Guðmundar „ríka“ Arasonar á Reykhólum á 15. öld en hann átti 140 jarðir á Vestfjörðum þegar best lét. Jörðin var að fornu mati 18 hundruðir en árið 1847 var hún svo metin og var þá meðtalin eyðijörðin Búðavík sem var hjáleiga frá Dynjanda og talin hafa farið í eyði fyrir árið 1650. Á Dynjanda var gott beitarland og var skógurinn nytjaður til beitar, hris- og eldiviðartöku ásamt því sem kolabrennsla fór fram. Jörðin var því talin góð.

Bæjarstæðið var á miðjum svokölluðum Bæjarhól. Dý var fyrir neðan hólinn, nefnt Skolladý, sennilega til að hræða börn frá því. Í hlíðinni voru útihús sem enn sjást ummerki um. Skriður féllu stundum á beitarlönd og eins gat Dynjandisá flætt yfir bakka sína og spillt engjum og túnum. Bændur á Dynjanda hlóðu því flóðvarnargarð og má sjá leifar hans á árbakkanum ofan brúar. Á hjalla ofan við bæinn er hlaðin lítil þríhyrnd laug sem hugsanlega var notuð til þvotta eða böðunar af heimilisfólki. Jörðin Dynjandi var í ábúð til ársins 1951. Þá féll niður föst búseta á staðnum er síðustu ábúendurnir, Guðmundur Jóhannsson og Guðrún Sigríður Guðjónsdóttir, fluttu til Bíldudals. Þau nytjuðu jörðina þó áfram fram á sjöunda áratuginn.

## SURTARBRANDSGIL

Surtarbrandsgil var friðlýst sem náttúruvætti árið 1975. Tilgangur friðlýsingarinnar er að vernda steingerðar leifar gróðurs frá tertíer sem er að finna í millilögum, einkum surtarbrandi og leirlögum.


## Náttúra

Í Surtarbrandsgili eru leifar tegundaríkustu skóga, sem fundist hafa í jarðlögum á Íslandi, í 12 milljóna ára gömlum setlögum. Flestar þær plöntur sem hafa verið greindar í Surtarbrandsgili hafa ekki fundist í setlögum annara þekktra svæða á Íslandi. Plöntuleifarnar, laufblöð, aldin, fræ og frjókorn, hafa sest til í frekar grunnu stöðuvatni og grafist þar í botnsetið. Væntanlega hafa plönturnar vaxið meðfram vatns- og árbökkum í daladrögum þar sem grunnvatn stóð frekar hátt. Í vatninu var mikið af kísilþörungum sem féllu til botns og mynduðu ljósleita skán á öllum stærri flötum, einkum laufblöðum. Því eru flögur úr gilinu ljósar af kísilþörungum á annarri hlið, en dökkar á hinni.

Flestar þær trjátegundir sem mynduðu skóga landsins fyrir 12 milljónum ára eru útdauðar og skyldustu núlifandi tegundir þrífast á suðlægari breiddargráðum í tempruðum og heittempruðum lauf- og barrskógum. Meðal barrtrjáa má nefna þin, furu, greni, japansrauðvið, og vatnafuru. Af lauftrjám er meðal annars búið að bera kennsl á agnbeyki, anganvið, álm, birki, elri, fjórmiðju, hesli, hlyn, magnólíu, platanvið, lyngrós, sætblöðku, topp, túlípántré, valhnotu, víði, vænghnotu, þyrni og ösp.

## Surtarbrandur

Surtarbrandur er myndaður úr plöntuleifum sem hafa kolast og pressast saman undan fargi hraunlaga, enda finnst hann nær alltaf á milli fornra hraunlaga. Jarðlögin eru frá síðari hluta nýlífsaldar, einkum míósen-tíma og eru yngri en 16-15 milljón ára. Setlög eru víða milli hraunlaga bæði vestanlands og austan. Rauð, frekar fínkornótt setlög eru frekar algeng, en þau eru talin forn jarðvegur, enda má víða sjá í þeim gömul gjóskulög. Gráleit sand- og völubergslög eru einnig algeng og eru þau að mestu leyti ár- og vatnaset.



Mynd 9. Einfalt jarðlagasnið af lögum í Surtarbrandsgili.

Mynd 9 sýnir einfalt jarðlagasnið af lögum í Surtarbrandsgili. Setlög með heillegum lífveruleifum, laufblöðum, aldinum og fræjum, eru að mestu úr siltsteini en steingervingar eru einnig í sandsteinslögum í gilinu.

Jarðlagaeiningarnar þrjár sem geyma plöntusteingervinga eru auðkenndar með laufblöðum.

### Saga og menning

Surtarbrands er víða getið í ferðabókum og Íslandslýsingum frá því fyrr á öldum. Hann var talsvert notaður til heimabruks þó hann væri ekki sérlega gott eldsneyti. Hann logaði illa enda frekar steinefnaríkur. Vinnsla á honum jókst mikið í heimsstyrjöldinni fyrri þegar verulegs kolaskorts tók að gæta. Hún gekk þó misjafnlega en einna best á Skarði á Skarðsströnd og á Tjörnesi, þar voru tvær námur þegar best lét. Menningarminjar Surtarbrandsgils eru fyrst og fremst af heimildalegum toga.

Surtarbrandurinn í gilinu var fyrst rannsakaður af Eggerti Ólafssyni og Bjarna Pálssyni árið 1753 og munu það vera fyrstu rituðu heimildirnar um fornt gróðurfar Íslands. Síðan hafa fleiri náttúruvísindamenn rannsakað minjarnar og aukið við þekkingu á því hvaða tegundir var um að ræða og hvernig var umhorfs á Íslandi fyrir tólf milljónum ára.

#### 4.1.6 Svæði á náttúruminjaskrá og aðrar náttúruminjar

Auk ofangreindra svæða sem hafa verið friðlýst þá eru svæði, að hluta liggja innan marka þjóðgarðsins, sem lengi hafa verið á náttúruminjaskrá og lagt

hefur verið til að skuli vernda. Eftirfarandi upplýsingar koma m.a. fram um þau svæði í náttúruminjaskrá:<sup>23</sup>

**Geirþjófsfjörður** - Fjölbreytt og fagurt landslag, ríkulegur gróður, skóglendi.

**Skaginn milli Arnarfjarðar og Dýrafjarðar** - Fjölbreytt landslag, gróðursælar hlíðar og dalir, umgirt stórskornu fjallendi. Framhlaup og jökulminjar. Hrafnseyri er fjölsóttur ferðamannastaður með söguminjum.

**Hærriöxl** - vegna linda sem eru einkennandi fyrir svæði utan eldvirka belti landsins. Þar er einnig eini þekkti vaxtarstaður sveppategundarinnar Íslandsljósku (*Hebeloma islandicum*) hér á landi en hún hefur aðeins fundist á þremur öðrum stöðum í heiminum, tveimur í Noregi og einum á Grænlandi

Á meðal annarra verðmæta í náttúru þjóðgarðsins má nefna:<sup>24</sup>

### Jarðminjar

Vestfirðir eru jarðfræðilega merkilegt svæði sem mynda samfellda heild. Þar er að finna elstu berglög landsins (um 16 milljón ára) og elstu steingervinga sem fundist hafa í jarðlögum á Íslandi (um 15 milljón ára).

- Berggrunnur

Jarðlagastaflinn innan þjóðgarðsins einkennist af reglulegri upphleðslu basalthraunlaga með frekar þunnum setbergslögum inn á milli. Innan þjóðgarðsins eru víða berggangar, misgengi og aðrar brotalínur eða sprungur.

- Steingervingar og setberg

Þykk setbergslög (10-15 m þykk), setlagasyrpur, eru innan þjóðgarðsmarka. Í þeim hafa fundist plöntusteingervingar, forn frjókorn og aldin og surtabrandur. Setlagasyrpu mark líka aldur jarðlagastaflans sem verður eldri eftir því sem farið er lengra til norðvesturs. Jarðlög við Barðaströnd eru um 12 milljón ára gömul, við Arnarfjörð um 13,5 milljón ára og á vestanverðum annesjum um 15 milljón ára. Rannsóknir á steingervingum gefa mikilvægar upplýsingar um fornloftslag og umhverfisaðstæður á Vestfjörðum þegar setlöginn mynduðust.

- Landmótun jökla

Landmótun Ísaldarjökulsins er eitt af megineinkennum Vestfjarða. Jökullinn sá um að sverfa og móta berggrunninn í margskonar landslagsform og grafa djúpa firði. Ummerki Ísaldarjökulsins ná langt út

<sup>23</sup> <https://www.ust.is/nattura/natturuverndarsvaedi/natturuminjaskra/veftfirdir/>

<sup>24</sup> Eftirfarandi texti byggir á umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um áform um friðlýsinguna og mati á Verndargildi svæðisins [https://www.ni.is/sites/ni.is/files/atoms/files/aform\\_um\\_fridlyingu\\_thjodgards\\_a\\_sunnanverdum\\_veftjorrum.pdf](https://www.ni.is/sites/ni.is/files/atoms/files/aform_um_fridlyingu_thjodgards_a_sunnanverdum_veftjorrum.pdf)

á landgrunnið fyrir utan Vestfirði. Ísaskil jökulsins á síðasta jökulskeiði hafa legið á hæstu heiðum, nær samhliða Barðaströndinni frá Patreksfirði til Steingrímsfjarðar og innan Þjóðgarðsmarka hefur Ísaldarjökullinn rofið berggrunninn bæði til norðvesturs út í Arnarfjörð og til suðurs í Breiðafjörð. Víða má finna jöklurákir sem bera vott um skriðstefnu jökulsins. Í lok síðustu Ísaldar hörfaði jökullinn inn til landsins og í kjölfar hans gekk sjór á land vegna hækkandi sjávarborðs.

### Víðerni

- Á Dynjandisheiði er dæmigert heiðalandslag með tjörnum og sem er lítt snortið. Þaðan er vítt til allra átta. Óbyggð víðerni á Glámu er allstórt svæði en afmörkun Þjóðgarðs nær eingöngu yfir hluta svæðisins.

### Fuglar

Fuglalíf á svæðinu er sæmilega þekkt og er vitað um 40 tegundir varpfugla, þ.e. um helming íslensku fánunnar. Einkennistegundir eru ýmsir algengir og útbreiddir mófuglar, þ.e. vaðfuglar eins og heiðlóa og spörfuglar á borð við þúfutittling og skógarpröst á láglendi og snjótittling til fjalla. Músarrindlar eru sums staðar áberandi eins og í kjarrinu í Vatnsfirði. Nokkrar tegundir vatnafugla verpa á svæðinu, m.a. lómur og himbrimi. Endur eru yfirleitt strjálur en straumendur eru áberandi við Vatnsdalsá. Lítið er um varp sjófugla á svæðinu og engar stórar byggðir er þar að finna en stór æðar- og kríuvörp eru í næsta nágrenni. Mikið af vaðfluglum fer um fjörur í Vatnsfirði ár hvert, m.a. rauðbrustingar á leið til NA-Kanada á vorin og telst svæðið vera alþjóðlega mikilvægur viðkomustaður. Þrettán tegundir á valista verpa á svæðinu m.a. haförn og fálki.

### Selir

Á svæðunum sem um ræðir eru mikilvæg búsvæði landsela en þeir eru á valista Náttúrufræðistofnunar vegna mikillar fækkunar. Í innfjörðum Arnarfjarðar eru látur landsels víða meðfram ströndinni þar sem hafa verið taldir nokkrir tugir sela. Þar má nefna sker í botni Borgarfjarðar, í Dynjandisvogi og við Gíslasker. Í Vatnsfirði eru landselslátur sem tilheyra talningasvæði sem ná út fyrir Leiðarsker. Þar voru taldir yfir 100 selir á árunum 1985 og 1989 en þeim hefur fækkað mjög og í síðustu talningu árið 2018 voru þar einungis taldir nokkrir selir í látrum og því mikilvægt að tryggja viðgang landsels á þessum svæðum.

### Vistgerðir og flóra

Eyðimelavist er ríkjandi hæst á Glámu en víðimelavist og mosamelavist sem hefur langmesta þekju einstakra vistgerða sem koma fyrir á svæðinu eru að öðru leyti ríkjandi í fjallendinu s.s. á Dynjandisheiði. Töluvert er af skriðum og klettum sem koma allar fyrir á svæðinu í bröttum skriðum sem renna niður frá hálendisbrúninni og niður fjallshlíðar. Eyrar hafa mjög litla útbreiðslu á svæðinu. Helst er um að ræða áreyrar, aðallega gróðurlitla eyravist en einnig



auravist þar sem gróðurþekja er allnokkur og tegundafjölbreytni meiri. Moslendi er töluvert á svæðinu og er þar helst um að ræða hraungamburvist. Líkt og í mosamelavist er mosinn hraungambri ríkjandi en þekja hans er mun meiri í moslendinu. Hélumosavist kemur fyrir þar sem landið liggur hærra og snjór liggur jafnvel langt fram á vor. Strandlendisvistgerðir hafa litla útbreiðslu á landsvísu enda koma þær helst fyrir á smáum blettum eða mjóum beltum þar sem þær taka gjarnan við af fjöruvistgerðum. Það sama gildir um útbreiðslu strandlendisvistgerða innan afmarkaðs svæðis, útbreiðsla þeirra er mjög takmörkuð, jafnvel á þeim svæðum þar sem afmörkunin nær að sjó, við Vatnsfjörð, Geirþjófsfjörð, Dynjandisvog og neðan við Hrafnseyri. Þekja votlendis er hlutfallslega ekki mikil innan svæðisins en kemur þó víða fyrir í smærri blettum t.d. á Dynjandisheiði, en stærri og samfelldara votlendisflákar koma helst fyrir í hlíðardrögum dala. Þekja graslendis er ívið meiri en þekja votlendis.

Helst er það að finna í Hrafnseyrardal og nágrenni, aðallega á undirlendi í skjólgóðum stöðum, á Hrafnseyri, upp af Vatnsdalsvatni, í brekkum við utanverðan Vatnsfjörð, á stöku stað á Dynjandisheiði, í bratta við ströndina og í dældum þar sem snjór liggur fram eftir vori. Mólendi hefur nokkra þekju innan svæðisins, en birkiskógur hefur allmikla útbreiðslu á svæðinu þar sem hann vex í dalbotnum og teygir sig upp í hlíðardrög þeirra.

### Ferskvatnsvistgerðir

Nokkur stöðuvötn eru í þjóðgarðinum. Að mestu er um að ræða gróðurlítill hálendisvötn t.d. á Dynjandisheiði og Glámu, en einnig eru þar Vatnsdalsvatn og Helluvatn ásamt nokkrum minni vötn þar í grennd. Eitt strandvatn er innan svæðis, innst í við sunnan verðan Geirþjófsfjörð. Nokkur fjöldi áa er í þjóðgarðinum, þar má nefna Vatnsdalsá, Pennu og Geldingadalsá. Áður hefur verið minnst á kaldar lindir á Hærriöxl og einnig finnast volgrur (10-25°C) og laugar (25-70°C) við Vatnsfjörð og volgra við Dynjandisvog.

### Fjörur


Helstu fjöruvistgerðir sem finnast í þjóðgarðinum eru grýttar fjörur og setfjörur.

### Flóra og funga

Í 5x5 kílómetra rannsóknarflórureitum sem ná yfir afmarkað svaði hafa verið skráðar um 290 tegundir æðplanta, þar með taldar tegundir undafla og túnfífla, 24 mosategundir mosa og 27 fléttutegundir.

Mynd 10 sýnir vistgerðir innan fyrirhugaðs þjóðgarðs.<sup>25</sup>

<sup>25</sup> Mynd 10 miðast við tillögu að mörkum þjóðgarðs. Mörk tóku breytingum eftir kynningartíma auglýsingar um þjóðgarð.



Mynd 10. Vistgerðir innan fyrirhugaðs þjóðgarðs.

#### 4.1.7 Friðaðar og friðlýstar fornleifar

Fjöldi fornleifa, friðaðra og friðlýstra, er að finna innan fyrirhugaðs þjóðgarðs á Vestfirðum. Fornleifarnar spanna tímabilið allt frá landnámi og fram á 20. öld. Á þessari stundu liggur ekki fyrir hver heildarfjöldi fornleifa á svæðinu er né upplýsingar um hlutverk þeirra og aldur. Þar sem svæðið er stórt og nær á milli fjalls og fjöru er ljóst að þeir flokkar minja sem búast má við að finna á svæðinu eru margskonar; helst má nefna forn bæjarstæði, sel og aðrar búskaparminjar, minjar um sjósókn, legstaði og kirkjugarða, samgönguminjar, s.s. vörður og leiðir, og svo mætti áfram telja. Huga þarf að því að skráning fornleifa fari fram á því svæði sem fyrirhugaður þjóðgarður mun ná yfir. Slík skráning er forsenda þess að Minjastofnun, og þjóðgarðurinn sjálfur, fái yfirsýn yfir fjölda og umfang minjastaða innan þjóðgarðsins, en Minjastofnun fer með umsjón menningarminja á svæðinu skv. lögum nr. 80/2012 um menningarminjar og stjórnvaldsáskvarðanir er varða menningarminjar innan þjóðgarðsins.

Í fyrirhuguðum þjóðgarði eru friðlýstar minjar í landi þriggja jarða (Mynd 11):<sup>26</sup> Hrafnseyri við Arnarfjörð, Botni við mynni Geirþjófsfjarðar og Brjánslæk við Vatnsfjörð.

<sup>26</sup> Mynd 11 miðast við tillögu að mörkum þjóðgarðs. Mörk tóku breytingum eftir kynningartíma auglýsingar um þjóðgarð.



Mynd 11. Staðsetning friðlýstra minjastaða.

Á Hrafnseyri eru þrjár friðlýstar minjar: kirkjutóft Rafns, hoftóft Rafns og Lögrétta. Þessar minjar voru friðlýstar árið 1929 af Matthíasi Þórðarsyni, þjóðminjaverði. Á eyrinni niður af núverandi bæ, rétt við ósa Hrafnseyrarár mun bærinn hins vegar hafa staðið á landnámsöld og kallaðist þá Eyri. Þar má finna rústir sem nefndar eru Grelutóttir en þær voru friðlýstar árið 1973 af Þór Magnússyni, þjóðminjaverði. Rannsóknir sýna að landnám hafi hafist á Eyri um 900 e.Kr. og var þá reistur þar skáli, tvær smiðjur og grafin tvö jarðhús.

Við Botn eru þrjár friðlýstar minjar: Auðarbær eða Gíslabær, rúst sem stendur undir lágri brekku sem liggur frá Botnsá til norðurs, auk rústa tveggja fylgsna Gísla Súrssonar. Minjarnar voru friðlýstar af Matthíasi Þórðarsyni, þjóðminjaverði, árið 1930.

Í landi Brjánslækjar eru friðlýstar sex tóftir á Flókatóftum sem og meint smiðjutóft Gests Oddleifssonar, hins spaka, frá 10. öld. Stendur smiðjutóftin skammt upp frá Vatnsfjarðarbotni, norðanmegin við Þingmannaá. Á sléttri grund rétt innan við Brjánslækjará standa svo Flókatóftir. Tóftirnar hafa löngum verið taldar minjar um vetursetu Hrafna-Flóka Vilgerðarsonar á Íslandi um árið 865. Á Flókatóftum er að finna þrettán fornleifar sem talið er að tilheyri a.m.k. tveimur kynslóðum búsetu á svæðinu en sex þeirra eru hinar eiginlegu Flókatóftir sem Matthías Þórðarson, þjóðminjavörður, friðlýsti ásamt smiðjutóft Gests árið 1930.

Þótt hér hafi verið taldar upp þær friðlýstu fornleifar sem finna má innan fyrirhugaðs þjóðgarðs eru á svæðinu líklega þúsundir aldursfríðaðra fornleifa,

en allar fornleifar 100 ára og eldri eru aldursfriðaðar skv. lögum um menningarminjar nr. 80/2012.

Meginmarkmið friðlýsingarinnar er að vernda og varðveita einstakt svæði til framtíðar fyrir komandi kynslóðir og því mikilvægt að huga að því að fornleifaskráning fari fram innan þjóðgarðsins svo hægt sé að uppfylla þessi skilyrði um verndun og varðveislu fyrir komandi kynslóðir. Mikilvægt er að fá yfirlit yfir fjölda, staðsetningu, ástand, hlutverk og aldur allra fornleifa, friðaðra og friðlýstra, innan svæðisins. Það auðveldar alla undirbúningsvinnu vegna framkvæmda, innviðauppbýggingar o.þ.h. ef fornleifar hafa verið skráðar á vettvangi á svæðinu. Jafnframt Myndi slík skráning leiða af sér mikilvægar upplýsingar um minjastaði sem gætu nýst við margskonar fræðslu, fyrir heimamenn og gesti, skipulagningu og starfsemi þjóðgarðsins til framtíðar.



Mynd 12. Svæði þar sem fornleifaskráning hefur farið fram.

Á Mynd 12 má sjá þau svæði í þjóðgarðinum sem hafa nú þegar verið fornleifaskráð, merkt með blágrænum lit. Eins og sést hefur afar lítill hluti verið skráður.<sup>27</sup>

<sup>27</sup> Mynd 12 miðast við tillögu að mörkum þjóðgarðs. Mörk tóku breytingum eftir kynningartíma auglýsingar um þjóðgarð.

#### 4.1.8 Útivist

Fjölmargir möguleikar eru til útivistar í Þjóðgarðinum, hvort sem það er gangandi, ríðandi, hjólandi, akandi, m.a. á jeppum um Þingmannaheiði og línuvegi í Þjóðgarðinum eða á bát eða kajak á sjó og vötnum. Í ljósi þess að útivistargildi svæðisins er mikið þá telur starfshópurinn mikilvægt að lögð sé áhersla á að miðla útivistarmöguleikum í Þjóðgarðinum til almennings.

Sem dæmi um útivistarleiðir eru:

##### Hörgsnes

Frá bílastæði á Hörgsnesi liggur stikuð hringleið að klettinum Hörgi og Gíslahelli. Fagurt útsýni yfir Breiðafjörð og oft má sjá seli í sólbaði á skerjunum í fjörunni.

##### Smiðjutóftin

Frá rötum gamla vegsins um Þingmannaheiði er hægt að komast að Smiðjutóftinni, friðlýstum fornminjum sem kenndar eru við Gest spaka Oddleifsson. Tóftin er um tvö hundruð metrum ofan Þjóðvegur, vestan Þingmannaár.

##### Þingmannaá og Nafnlaus fossinn

Frá útskoti fyrir bíla við rætur Þingmannaheiðar er stikuð hringleið er liggur meðfram bökkum Þingmannaár og aftur niður gamla veginn. Fagurt útsýni yfir árgilið og „Nafnlaus fossinn“, reisulegar vörður og snotur reynitré. Ofarlega á gönguleiðinni má virða fyrir sér haganlega skessukatla í klöppum við ána.

##### Þingmannaheiði

Forn alfararleið sem liggur á milli Vatnsfjarðar og Vattarfjarðar og er skreytt fallegum vörðum, hluti heiðarinnar er innan friðlandsins. Illfær bílvegur var lagður um heiðina 1951 og hægt er að ganga eftir honum en hann fylgir hinni fornu leið og vörðuröðinni á köflum.

##### Lambagil

Stikuð hringleið sem liggur frá útskoti fyrir bíla við rætur Þingmannaheiðar að gömlu skógræktinni, inn með Vatnsdal að Lambagiljum og meðfram Vatnsdalsvatni yfir Mörkina. Fallegt útsýni yfir Vatnsdalsvatn og fjölbreytt landslag. Austan vatnsins á Lambagilseyrum er birki með því hæsta sem gerist á Vestfjörðum.

##### Vatnsdalsvatn og Vatnsdalur

Í Vatnsdal er víða hægt að ganga og velja sér leið eftir hæfi. Hringleið um vatnið er um 9 km en hægt er velja styttri göngur eftir áhuga og elju hvers og eins. Þar sem bílvegurinn endar við nyrðri hluta Vatnsdalsvatns eru um 3 km í dalbotninn og þar má virða fyrir sér fallega fossa. Vatnsdalsá og Útnorðursár sem koma niður í dalbotninn vestanverðan eru oftast erfiðar yfirferðar og geta verið

hættulegar. Í Vatnsdal ættu gestir ekki að vera þegar göngur eru yfirstandandi á haustin svo þeir reki ekki fé í smölun af leið.

### **Smalahellan**

Frá bílastæði í Vatnsdal þar sem vegurinn endar liggur stikuð leið að Smalahellunni. Það er gróðurlaus fláki í fjallinu þar sem uppsprettuvatn rennur niður og slípar bratta klöppina. Segir sagan að smalar á þessum slóðum teldust hæfir ef þeir gætu hlaupið yfir hála klöppina.

### **Helluvatn**

Frá Flókalundi liggur stikuð gönguleið að Helluvatni norðan Flókalundar. Fallegt útsýni er yfir Vatnsfjörð á uppleið. Þegar að vatninu er komið má lengja gönguna með því að fara hring um vatnið.

### **Pennugil**

Frá bílastæði við neðri brú á Pennu er stikuð létt gönguleið meðfram árgilinu að fallegum fossi. Á leiðinni má virða fyrir sér skemmtilegar bergmyndanir í gljúfrinu.

### **Lónfell**

Frá skilti sem markar upphaf gönguleiðarinnar á Dynjandisheiði liggur stikuð og grýtt leið á Lónfell en fjallið er stundum kallað skírnarfontur Íslands þar sem sumir telja líklegt að Hrafna-Flóki hafi þaðan gefið nafninu land. Gott útsýni um Breiðafjörð og sunnanvert Vestfjarðahálendið. Gróðurleysi og víðátta eru tilbreyting frá algrónu láglendinu. Einnig er hægt að ganga frá Helluskarði og er útsýni á göngunni þá nokkuð annað þar sem sér ofan í firði norðan megin.

### **Dynjandi**

Göngustígur liggur frá bílastæði, meðfram Dynjandisá að fossinum Dynjanda og tekur gangan um 15 mínútur. Neðsti hluti stígsins er hellulagður og fær hreyfihömluðum að Hrísvaðsfossi, þar tekur við náttúrustígur sem er grýttur á köflum. Útsýnispallar eru við tvo fossa.

### **Geirþjófsfjörður**

Frá þjóðveginum á Dynjandisheiði er hægt að ganga ofan í Geirþjófsfjörð. Nálægt upphafi gönguleiðar af heiðinni ofan í fjörðinn er útskotsstæði fyrir bíla.

Skotveiðar eru einnig vinsæl útivist í þjóðgarðinum. Meðal annars hefur lengi verið farið á rjúpu á því svæði sem þjóðgarðurinn mun ná yfir. Starfshópurinn lagði áherslu á að engin breyting yrði á reglum um skotveiði þrátt fyrir tilkomu þjóðgarðsins. Áfram verða þó skotveiðar óheimilar innan þess svæði sem friðlandið í Vatnsfirði tekur til, en þar er ekki um breytingu að ræða frá því sem verið hefur.



Mynd 13. Víða er hægt að njóta útiveru á svæðinu. Lækur í Geirþjófsfirði.

### 4.1.9 Mörk þjóðgarðs

Þjóðgarðurinn er innan sveitarfélagamarka tveggja sveitarfélaga, Ísafjarðarbæjar og Vesturbyggðar. Mörk hans miðast við jarðamörk ríkisjarðanna Hrafnseyrar, Dynjanda, Sperðlahlíðar og friðlandsins Vatnsfjarðar og náttúruvættisins Surtarbrandsgils innan ríkisjarðarinnar Brjánslækjar. Innan marka þjóðgarðsins eru einnig jörðin Langibotn í Geirþjófsfirði og hluti jarðarinnar Fossár. Mörkin má sjá á Mynd 14.



Mynd 14. Mörk þjóðgarðsins.

### 4.2 Svæðaskipting þjóðgarðsins- sérreglur á völdum svæðum

Á svæðinu sem þjóðgarðurinn mun ná yfir eru fyrir þrjú friðlýst svæði: náttúruvættin Surtarbrandsgil og Dynjandi og friðlandið í Vatnsfirði. Áður en þjóðgarðurinn var stofnaður höfðu þessi svæði hvert sínar reglur, svokallaða friðlýsingarskilmála. Við stofnun þjóðgarðsins voru skrifaðir nýjir friðlýsingarskilmálar sem ná yfir allan þjóðgarðinn og þar með einnig yfir



náttúruvættin tvö og friðlandið. Til að varðveita verndargildi svæðanna þriggja enn frekar munu einnig gilda eftirfarandi sérreglur:

Fossinn Dynjandi og aðrir fossar í Dynjandisá ásamt umhverfi þeirra var friðlýst sem náttúruvætti árið 1981. Vernda skal fossinn Dynjanda og aðra fossa í Dynjandisá með því að viðhalda náttúrulegu vatnsrennsli til fossanna. Við Dynjanda er notkun ómannaðra loftfara óheimil innan náttúruvættisins nema að fengnu leyfi Umhverfisstofnunar. Þó er heimilt að nota fjarstýrð loftför, ef nauðsyn krefur, vegna leitar- og björgunaraðgerða og vegna umsjónar og eftirlits Umhverfisstofnunar. Minjastofnun Íslands hefur sömu heimildir vegna skráningar og rannsókna á menningarminjum

Surtarbrandsgil er í landi Brjánslækjar á Barðaströnd og var friðlýst sem náttúruvætti árið 1975. Tilgangur friðlýsingarinnar er að vernda einstakar steingerðar leifar gróðurs frá tertíer.

Í Surtarbrandsgili gilda friðlýsingarskilmálar þjóðgarðsins ásamt því að gestum er aðeins heimilt að heimsækja náttúruvættið Surtarbrandsgil í fylgd með starfsmanni Umhverfisstofnunar eða ábúendum Brjánslækjar, eða með þeirra leyfi.

Vatnsfjörður var friðlýstur sem friðland árið 1975. Tilgangur friðlýsingar er að vernda náttúru á þann hátt að fólki gefist kostur á að njóta hennar. Innan friðlands Vatnsfjarðar er umferð um eyjar og hólma háð leyfi Umhverfisstofnunar. Skotveiðar og notkun skotvopna eru óheimilar innan friðlands Vatnsfjarðar eins og verið hefur.

## 4.3 Samgöngur og aðkomuleiðir

### 4.3.1 Aðkoma frá landi

Aðkomuleiðir að þjóðgarðinum eru við Hörgsnes á Hjarðarnesi, við Þverá, á Þingmannaheiði, við Meðalnes, Deildanes og Hlaðseyri í Arnarfirði auk þess sem vestlægustu mörk þjóðgarðsins liggja með veginum yfir Hrafnseyrarheiði. Vegamót Bíldudalsvegur og Vestfjarðavegur í Helluskarði á Dynjandisheiði eru utan þjóðgarðsmarka og því er aðkoma þar í grennd á tveim stöðum, þegar heiðin er ekin frá Vatnsfirði í Dynjandisvog fara vegfarendur því út úr þjóðgarðinum á stuttum kafla. Akvegir innan svæðisins eru að stórum hluta malarvegir, nema Vestfjarðavegur 60 um Vatnsfjörð og Barðastrandarvegur 62. Yfirstandandi og fyrirhugaðar samgöngubætur á Dynjandisheiði munu breyta þessu og svæðið norðan Vatnsfjarðar verður aðgengilegt allt árið. Vegurinn um Hrafnseyrarheiði mun hugsanlega vera opin yfir sumartímann og þá sem ferðamannavegur, nú eftir að Dýrafjarðargöng hafa verið tekin í gagnið.

### Bílastæði og áning

Í Vatnsfirði eru ágæt bílastæði á Hörgsnesi, við Eiðisá og Hellulaug. Minni stæði þar sem hægt er að koma fyrir nokkrum bifreiðum með lagni eru við Pennu, í Vatnsdal og við syðri hluta Vatnsdalsvatns. Við upphaf leiðarinnar yfir

Þingmannaheiði er hægt að leggja nokkrum bifreiðum í óskipulögðum útskotum en ráðgert er að útbúa þar bílastæði sumarið 2021. Við Hótel Flókalund er bílastæði sem annar þó einvörðungu gestum hótelsins. Bílastæði er við gamla prestbústaðinn á Brjánslæk þar sem sýning Umhverfisstofnunar um Surtarbrandsgil er til húsa, bílastæðið þjónar einnig kirkjugestum á Brjánslæk.

Á Dynjandisheiði ráðgerir Vegagerðin að komið verði fyrir bíla- og áningastæðum við útsýnisstaði og við upphaf vinsælla gönguleiða samhliða yfirstandandi framkvæmdum á heiðinni. Þar er t.d. um að ræða upphaf gönguleiða á fjöll í nágrenninu, t.d. Lónfell og Hornatær. Við Dynjanda er nýlegt bílastæði þar sem framkvæmdum er lokið. Á Hrafnseyri eru bílastæði sem anna tæplega gestum á háönn.

Áningarborð er að finna á Hörsgnesi, við rætur Þingmannaheiðar, við Vatnsdalsvatn, á bílastæði við Eiðisá og við Pennu. Ráðgert er að fjölga þeim sumarið 2021. Góð aðstaða til áninga er við Dynjanda.

Huga þarf vel að því hvar bílastæða verður þörf í framtíðinni með tilliti til útivistar og nýrra leiða í þjóðgarði.

#### 4.3.2 Ný ferðamannaleið

Vestfjarðaleiðin er 950 km. Hringleið um Vestfirði sem opnaði í október 2020 með opnun Dýrafjarðarganga.<sup>28</sup> Markmiðið með Vestfjarðaleiðinni er að skapa nýtt aðdráttarafl fyrir Vestfirði og Ísland, sem byggir á upplifun og afþreyingu. Vestfjarðaleiðin varð tækifæri þegar Dýrafjarðargöng opnuðu. Með yfirstandandi lagfæringu á Dynjandisheiði og veginum um Gufudalssveit verður þessi leið aðgengileg allt árið.

Vestfjarðaleiðin liggur í gegnum fyrirhugaðan þjóðgarð. Þar liggja mörg tækifæri fyrir bæði þjóðgarðinn og ferðaþjónustuna. Vestfjarðaleiðin leggur mikið upp úr því að vera ekki bara leið um Vestfirði heldur samblanda af menningu, sögu, náttúru og dýralífi. Áhersla er lögð á að ferðamaður hægi á sér og njóti.

<sup>28</sup> <https://www.vestfirdir.is/is/verkefni/vestfjardaleidin>



Mynd 15. Kort af Vestfjarðaleiðinni.

#### 4.3.3 Aðkoma frá sjó

Þjóðgarðurinn liggur að sjó í Arnarfirði, Geirþjófsfirði og Vatnsfirði. Aðkoma að þjóðgarðinum frá sjó er í Brjánslækjarhöfn þar sem ferjan Baldur kemur að landi. Örstutt er þaðan að Surtarbrandsgili og mörkum þjóðgarðsins við Vatnsfjörð. Þá hafa skemmtiferðaskip sótt í auknum mæli inn í Dynjandisvog. Nauðsynlegt er að huga að aðkomu frá sjó sem tryggir stýringu álags af völdum ferðamanna á svæðið og dýralíf þess. Við vinnu starfshóps um þjóðgarðinn komu fram hugmyndir um að greiða fyrir aðkomu að Geirþjófsfirði frá sjó. Fjörðurinn er erfiður aðkomu á landi þar sem um er að ræða nokkuð brattar gönguleiðir ofan í fjörðinn og hugmyndir um skipulagðar siglingar frá Bíldudal hafa komið fram. Aðstaða fyrir aðkomu af sjó er hins vegar ekki fyrir hendi og því þyrfti að meta kosti og galla þessarar mögulega aðkomuleiðar.

#### 4.4 Flutningskerfi raforku innan þjóðgarðsins

Um fyrirhugaðan þjóðgarð liggja tvær flutningslínur raforku, Mjólkár lína 1 og Tálknafjarðarlína 1. Mjólkár lína 1 er eina tenging Vestfjarða við flutningskerfi landsins og Tálknafjarðarlína 1, sem liggur frá Mjólkár virkjun yfir í Tálknafjörð (Keldeyri), er eina flutningslínan á sunnanverðum Vestfjörðum. Mannvirkin eru því afar mikilvæg fyrir almenning og fyrirtæki á Vestfjörðum. Strax í upphafi vinnu um frekari friðlýsingu á svæðinu var ljóst af hálfu sveitarfélaganna að friðlýsingaráform mættu ekki koma í veg fyrir að hægt yrði að styrkja flutningskerfi raforku á svæðinu. Auk þess var lögð áhersla á að mögulegar framkvæmdir vegna lagningu ljósleiðara gætu átt sér stað. Þá lá fyrir í umsögn fjármálaráðuneytisins varðandi ríkisjörðina Dynjanda að eftir atvikum yrði að vera unnt að leggja nýjar línur um hana til að styrkja innviði raforkuflutnings og -dreifingar á Vestfjörðum, enda yrði farið að almennum lögum sem gilda um slíkar framkvæmdir. Þessi áherslumál voru einnig ljós áður en farið var af stað í friðlýsingarferlið því við gjöf Rarik á jörðinni Dynjanda í september 2019, sem markaði upphafið að friðlýsingaráformunum, var handsalað samkomulag á milli

ríkis og Rariks að slík áform yrðu eftir sem áður möguleg.<sup>29</sup> Starfshópurinn lagði því áherslu á að þessum málum yrðu gerð skil í friðlýsingarskilmálum þjóðgarðsins.

## 4.5 Þjónusta, starfsemi og rekstur

Þjóðgörðum fylgir ákveðið þjónustustig. Það sem helst þarf að hafa í huga er staðsetning gestastofa, aðgengi og stígagerð, og merkingar og mannaflapörf í formi landvörslu og annarra starfa.

Vestfjarðastofa í samvinnu við Umhverfisstofnun vann að forgreiningu á innviðapörf fyrir þjóðgarðinn. Í þeirri vinnu var skoðað hvaða staðsetningar væru helst ákjósanlegar fyrir gestastofur.<sup>30</sup> Greindir voru kostir og gallar þeirra staða sem nefndir hafa verið sem staðsetningar fyrir gestastofur í starfshópi um þjóðgarðinn, í samtölum við sveitarfélögin og aðra.

Greiningin leiddi í ljós mikilvægi þess að horfa á flæði gestanna og hvernig þeir koma að þjóðgarðinum. Í tilfalli þjóðgarðs á sunnanverðum Vestfjörðum er aðgengi að norðan og sunnan og því mikilvægt að taka á móti gestum á báðum stöðum.

Í greiningunni kemur einnig fram að mikilvægt sé að vetrarþjónusta verði tryggð á Dynjandisheiði því heiðin sé lífæð þjóðgarðsins og skiptir miklu sama hvar staðsetning gestastofu verður. Í dag er engin gestastofa á svæðinu en lítil sýning er á Brjánslæk um Surtarbrandsgil sem er í eigu Umhverfisstofnunar og sýning um Jón Sigurðsson á Hrafnseyri

Þeir staðir sem starfshópurinn telur að horfa eigi til sem mögulegra móttökustaða fyrir gesti þjóðgarðsins eru:<sup>31</sup>

<sup>29</sup> <https://www.rarik.is/frettir/frettir/rarik-afhendir-rikinu-dynjanda>

<sup>30</sup> *Forgreining á innviðapörf í þjóðgarði á sunnanverðum Vestfjörðum*, (Vestfjarðastofa, 2021). [Forgreining á innviðapörf á sunnanverðum Vestfjörðum.pdf \(ust.is\)](#)

<sup>31</sup> Greining Vestfjarðastofu var gerð þegar tillaga að mörkum þjóðgarðs miðaðist við að allt land Brjánslækjar yrði innan þjóðgarðs. Mörkin tóku breytingum eftir kynningartíma umsagnar.

STAÐUR	Styrkleikar	Veikleikar	Tækifæri	Ógnanir
<p><b>Brjánslækjarhöfn</b></p> <p>Innan þjóðgarðs, í leið fyrir þá sem koma að landi með Baldri og að vestan, úr leið fyrir þá sem koma að austan og norðan og fara Dynjandisheiði.</p>	<ul style="list-style-type: none"> <li>•Innan þjóðgarðs</li> <li>•Húsnæði mögulega til staðar</li> <li>•Stutt í þjónustu í Flókalundi</li> <li>•Stutt í hleðslustöð fyrir bifreiðar og hjól í Flókalundi</li> <li>•Tenging við komufarþega af Baldri</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>•Úr leið fyrir þá sem koma að austan og norðan og fara Dynjandisheiðina</li> <li>•Óvissa varðandi húsnæði</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>•Vetrarþjónusta</li> <li>•Stutt í þjónustu í Flókalundi</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>•Þjónustustig á staðnum</li> <li>•Óvissa vegna fjármagns</li> </ul>
<p><b>Hrafnseyri</b></p> <p>Innan þjóðgarðs, úr leið, ekki vetrarþjónusta.</p>	<ul style="list-style-type: none"> <li>•Húsnæði til staðar</li> <li>•Innan þjóðgarðs</li> <li>•Samlegðaráhrif með sýningu um arfleið Jóns Sigurðssonar</li> <li>•Hugsanleg aðstaða fyrir starfsmenn</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>•Engin vetrarþjónusta</li> <li>•Úr leið</li> <li>•Lágt þjónustustig</li> <li>•Lélegur malarvegur frá munna Dýrafjarðarganga og Hrafnseyri</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>•Bætt vetrarþjónusta</li> <li>•Uppbygging</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>•Óvissa varðandi aðkomu að vetri</li> <li>•Engin skilgreind vetrarþjónusta</li> <li>•Vegurinn ekki á samgönguáætlun 2020-2034</li> <li>•Óvissa vegna fjármagns</li> </ul>
<p><b>Mjólka</b></p> <p>Utan þjóðgarðs, í leið.</p>	<ul style="list-style-type: none"> <li>•Góð aðkoma</li> <li>•Í alfaraleið úr báðum áttum</li> <li>•Húsnæði til staðar</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>•Ekki vitað hvort húsnæði sem til staðar séu laus til umráða</li> <li>•Lágt þjónustustig</li> <li>•Nálægð við orkumannvirki sem krefjast öryggissvæðis og vöktunar, ef til vill óaðlaðandi fyrir gesti</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>•Nálægð við þjóðgarðinn</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>•Lágt þjónustustig</li> <li>•Óvissa vegna fjármagns</li> </ul>
<p><b>Vatnsfjörður</b></p> <p>Innan þjóðgarðs, í leið.</p>	<ul style="list-style-type: none"> <li>•Innan þjóðgarðs</li> <li>•Vatnsfjörður miðlægt staðsettur fyrir umferð að norðan, austan og vestan</li> <li>•Geststofa á deiliskipulagi fyrir Flókalund</li> <li>•Gott þjónustustig í Flókalundi</li> <li>•Tenging við ferðaþjónustu</li> <li>•Hleðslustöð fyrir bifreiðar og hjól í Flókalundi</li> <li>•Í leið úr báðum áttum</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>•Ekki húsnæði til staðar</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>•Landsrými til uppbyggingar aðstöðu</li> <li>•Innan þjóðgarðs</li> <li>•Nálægð við gott þjónustustig</li> <li>•Vetrarþjónusta</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>•Óvissa vegna fjármagns</li> </ul>
<p><b>Þingeyri</b></p> <p>Utan þjóðgarðs, úr leið.</p>	<ul style="list-style-type: none"> <li>•Hátt þjónustustig í byggðakjarna</li> <li>•Húsnæði fyrir gestastofu er mögulega til staðar</li> <li>•Áform eru um byggingu nýs áfangastaðar "Sólsetrið" sem gæti haft samlegðaráhrif</li> <li>•Vinnuaðstaða til staðar fyrir starfsmenn t.d. í Blábankanum á meðan húsnæði væri gert klárt</li> <li>•Tenging við ferðaþjónustuna</li> <li>•Hleðslustöð fyrir bifreiðar og hjól</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>•Fjarðlægð frá gatnamótum að Þingeyri, 9 km</li> <li>•Úr leið</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>•Hækkandi þjónustustig</li> <li>•Uppbygging á staðnum bæði atvinnulega og þjónustulega</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>•Fjarðlægð frá landamerkm þjóðgarðs</li> <li>•Óvissa með fjármagn</li> </ul>

#### Mynd 16. Valkostagreining mögulegra móttökustaða í þjóðgarðinum.

Í skýrslu Vestfjarðastofu kemur fram að einnig sé mikilvægt að huga að smærri innviðaverkefnum, svo sem uppsetningu/endurnýjun skilta, stikun gönguleiða, stígagerða og bílastæða.

## 4.6 Stjórnun þjóðgarðsins

Samkvæmt lögum um náttúruvernd þá hefur Umhverfisstofnun umsjón með þjóðgarðinum. Í starfshópi um stofnun þjóðgarðsins var rætt um mikilvægi þess að Ísafjarðarbær og Vesturbyggð kæmu að umsjóninni þar sem þjóðgarðurinn er innan þeirra sveitarfélagamarka. Auk þess var mikilvægi aðkomu annarra hagaðila nefnd, svo sem fagstofnana og fulltrúa Hrafseyrarnefndar.

Lög um náttúruvernd gera ráð fyrir því að umhverfis- og auðlindaráðherra sé heimilt að stofna þjóðgarðsráð með þátttöku hlutaðeigandi sveitarstjórna, stofnana og eftir atvikum félagasamtaka á sviði náttúruverndar og ferðapjónustu til að vera þjóðgarðsverði til ráðgjafar um málefni þjóðgarðsins.

Með vísan í þetta ákvæði og vegna mats starfshópsins að mikilvægt væri að Ísafjarðarbær og Vesturbyggð ásamt öðrum hagaðilum kæmu að stefnumótun þjóðgarðsins, ákvað starfshópurinn að í friðlýsingarskilmálum hans yrði tekið fram að með Umhverfisstofnun myndi starfa þjóðgarðsráð. Umhverfis- og auðlindaráðherra mun skipa ráðið og þar munu eiga sæti fulltrúar sveitarfélaganna, Minjastofnunar Íslands og annarra fagstofnana, auk fulltrúa Hrafseyrarnefndar. Þjóðgarðsráðið mun vera þjóðgarðsverði til ráðgjafar um málefni þjóðgarðsins og fjalla um framkvæmdaáætlun og landvörslu fyrir þjóðgarðinn, koma að gerð stjórnunar- og verndaráætlunar ásamt endurskoðun og breytingum, og vinna að öðrum stefnumótandi málum sem varða þjóðgarðinn, s.s. um þjónustu og atvinnustefnu í þjóðgarðinum.

## 5. Lokaorð

Samstarfshópur um stofnun þjóðgarðs á sunnanverðum Vestfjörðum hefur dregið fram í þessari skýrslu þau atriði sem hann telur mikilvægt að leggja grunn að þjóðgarði á svæðinu.

Þjóðgarðurinn sem fengið hefur heitið Dynjandisþjóðgarður býr yfir fagurri og fjölbreyttri náttúru. Saga svæðisins er að sama skapi rík. Um það vitna minjar allt frá dögum landnáms.


Þá fylgja þjóðgarðinum tækifæri fyrir Vestfirði með nýjum atvinnutækifærum á svæðinu til langs tíma, í ferðaþjónustu, opinberri þjónustu og í afleiddum greinum. Þjóðgarðurinn gæti þannig stutt eflingu byggðar og styrkt samvinnu sveitarfélaganna með tilliti til skipulagsmála og náttúruverndar í þjóðgarðinum.

Grunnurinn að ofangreindu er að mikilvæg innviðaupbygging geti átt sér stað og að sveitarfélögin Ísafjarðarbær og Vesturbyggð sem eiga skipulagslega lögsögu innan þjóðgarðsins komi að stefnumótun hans, ásamt fagstofnunum.

Samstarfshópurinn telur að vel hafi tekist til við að koma áhersluatriðum hópsins að í friðlýsingarskilmálum fyrir þjóðgarðinn og það er hans von og trú að með þessum áhersluatriðum geti Dynjandisþjóðgarður orðið Vestfirðingum og landsmönnum öllum til heilla.

# Viðauki I

Dreifibréf með upplýsingum um þjóðgarðinn sem sent var til allra íbúa á Vestfjörðum. Mörk þjóðgarðsins í dreifibréfi miðast við auglýsta tillögu að mörkum. Mörk þjóðgarðs tóku breytingum eftir kynningartíma auglýsingar.



Kæru Vestfirðingar. Ykkar álit skiptir máli. Kynnið ykkur tillögu að nýjum þjóðgarði og komið athugasemdum á framfæri um það sem betur má fara.



Tillögu að friðlýsingu, kort af svæðinu og allar upplýsingar má finna á [www.ust.is/thjodgardurvestfirdir](http://www.ust.is/thjodgardurvestfirdir).



Athugasemdir og ábendingar má senda á [ust@ust.is](mailto:ust@ust.is) fyrir 26. maí 2021.





# Viðauki II

## AUGLÝSING

### um friðlýsingu þjóðgarðs á Vestfjörðum

1. gr.

#### *Um friðlýsinguna*

Umhverfis- og auðlindaráðherra hefur í samræmi við lög nr. 60/2013 um náttúruvernd ákveðið að friðlýsa Dynjanda, Sperðlahlíð, Vatnsfjörð, Surtarbrandsgil og jarðirnar Hrafnseyri í Arnarfirði og Langabotn í Geirþjófsfirði sem þjóðgarð, náttúruvætti og friðland í samræmi við 47. gr., 48. gr. og 49. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013 sbr. kort í viðauka 1.

Þjóðgarðurinn er fyrsti þjóðgarðurinn á Vestfjörðum og innan marka hans eru friðland og tvö náttúruvætti sem áður voru friðlýst ásamt því að Vatnsfjörður er innan verndarsvæðis Breiðafjarðar. Þjóðgarðinn einkennir mikilfenglegt landslag með hátt útivistar- og fræðslugildi vegna náttúrufars og sögu.

Dynjandi var friðlýstur sem náttúruvætti árið 1981. Hann er meðal hæstu fossa landsins, nær 100 metra hár og af mörgum talinn ein fegursta náttúruperla Íslands. Vatnsfjörður var friðlýstur árið 1975 sem friðland og þar má finna mikla gróðursæld, fjölbreytt dýralíf, jarðhita ásamt menningarminum. Surtarbrandsgil var friðlýst sem náttúruvætti 1975 til að vernda einstakar steingerðar leifar gróðurs sem klæddu landið á tertíer-tímabilinu. Surtarbrandsgil er einn af þekktustu fundarstöðum plöntusteingervinga á Íslandi og segir merkilega sögu gróðurs- og skóglendis sem var ríkjandi við ólíkar aðstæður fyrir um 12 milljónum ára og verndargildi steingervingana er hátt á lands- og heimsvísu. Geirþjófsfjörður er eyðifjörður á náttúruminjasrá, þar ríkir mikil gróðursæld og kyrrð. Fjörðurinn er söguvið Gíslasögu Súrssonar og þar má finna tóftir og rústir tengdar sögunni. Á Hrafnseyri í Arnarfirði fæddist og ólst upp Jón Sigurðsson, leiðtogi sjálfstæðisbaráttu Íslendinga á 19. öld. Til að minnast hans var fæðingardagur hans valinn sem þjóðhátíðardagur Íslendinga og lýðveldi Íslands var stofnað 17. júní 1944. Á Hrafnseyri er fræðslusetur tileinkað ævi og minningu hans. Óbyggð víðerni á Glámu er allstórt svæði en slík svæði hafa hátt verndargildi á heimsvísu.

Þykk setbergglög eru innan þjóðgarðsmarka. Þar hafa fundist plöntusteingervingar, forn frjókorn, aldin og surtarbrandur sem gefa mikilvægar upplýsingar um fornloftslag og umhverfisaðstæður á Vestfjörðum auk þess að marka aldur jarðlagastafans.

Landmótun ísaldarjökulsins er eitt af megineinkennum Vestfjarða og jökulminjar þjóðgarðsins hafa hátt verndargildi. Innan hans má sjá djúpa firði og fjöll sem mynduð voru af ísaldarjökli sem svarf og mótaði berggrunninn. Innan Brjánslækjar má finna fágætan gjall- og klepragíg sem hefur varðveist vel þrátt fyrir háan aldur og hefur hann hátt verndargildi á landsvísu.

Fjölbreytt fuglalíf er á svæðinu en um 40 tegundir fugla verpa þar, á meðal þeirra eru 13 tegundir á válista, m.a. himbrimi, haförn og fálki. Vatnsfjörður er alþjóðlega mikilvægur viðkomustaður rauðbrystinga vor og haust.

Náttúruvegurð svæðisins er mikil. Gróðurfar er fjölbreytt með yfir fjörutíu vistgerðum, enda er svæðið stórt og nær frá sjávarmáli og allt upp í 840 m/y.s. Margar vistgerðir eru í þjóðgarðinum sem hafa hátt verndargildi, eru á lista Bernarsamningsins og flokkast sem forgangsvistgerðir. Á Dynjandisheiði og í hlíðardrögum dala finnast votlendisvistgerðirnar runnamýravist, starungsmýravist og gulstararflóavist og eru þær forgangsvistgerðir. Strandlendisvistgerðina gulstararfitjavist má m.a. finna á Hrafnseyri og í Geirþjófsfirði og er hún forgangsvistgerð og nýtur sérstakrar verndar skv. 61. gr. náttúruverndarlaga. Birkiskógur hefur allmikla útbreiðslu á svæðinu og er verndargildi vistgerða innan vistlendis birkiskóga metið hátt. Á Dynjandisheiði er sjaldgæf vistgerð kaldra linda sem hefur mjög hátt verndargildi.

Innan þjóðgarðsins hafa fundist am.k. 290 tegundir æðplantna og þar á meðal tvær friðlýstar tegundir; stefánssól, sem er á válista og ferlaufungur, sem er í yfirvofandi hættu. Fleiri sjaldgæfar plöntutegundir innan þjóðgarðsins eru línstör og marhálmur og mosategundirnar fjallafaldur og fauskabrúskur, sem báðar eru á válista. Þá má finna innan svæðisins allmargar fléttutegundir með mjög hátt verndargildi, t.d. kylfuskán og hamranafla.

Við ákvörðun um friðlýsinguna var m.a. höfð hliðsjón af samningnum um líffræðilega fjölbreytni (Rio de Janeiro 1992, sbr. Stjórnartíðindi C 11/1995), loftslagssamningi Sameinuðu Þjóðanna, (sbr. Stjórnartíðindi C 14/1993 og 39/1993) og samningnum um vernd villtra plantna og dýra og lífsvæða í Evrópu (Bern 1979, sbr. Stjórnartíðindi C 17/1993). Hið friðlýsta svæði er 314 km<sup>2</sup> að stærð.

## 2. gr.

### *Markmið friðlýsingarinnar*

Meginmarkmið friðlýsingarinnar er að vernda og varðveita einstakt svæði til framtíðar fyrir komandi kynslóðir og mynda heildstætt svæði sem hefur að geyma ómetanlegar náttúru- og menningarminjar og sögu.

Með vernduninni skal tryggt að jarðminjum, landslagsheild, lífríki, menningarlegu gildi og ásýnd svæðisins verði ekki spillt og einkenni þess og sérkenni varðveitt þar sem svæðið er sérstætt á landsvísu vegna fagurfræðilegs og menningarlegs gildis og skipar mikilvægan sess í vitund þjóðar.

Með vernduninni skal tryggt að ekki sé gengið á auðlindir svæðisins og nýting innan verndarsvæðisins skal ekki spilla gróðurfari, jarðminjum, landslagi og ásýnd þess.

Þá miðar friðlýsingin að því að tryggja almenningi aðgang að svæðinu til útivistar og til þess að kynnast náttúru og sögu svæðisins. Stuðla skal að fræðslu um þjóðgarðinn og ýta undir aukinn skilning almennings á gæðum og sérstöðu svæðisins.

Með friðlýsingunni er einnig stuðlað að því að sjálfbærni sé höfð að leiðarljósi í nýtingu, stjórnun, framtíðarskipulagningu og rekstri innan þjóðgarðsins.

Með friðlýsingunni er leitast við að styrkja byggð og atvinnustarfsemi innan og í nágrenni þjóðgarðsins, m.a. með því að hvetja til sjálfbærrar nýtingar gæða svæðisins.

Markmiðið er einnig að tryggja aðgengi almennings með góðum samgönguleiðum.

### 3. gr.

#### *Mörk verndarsvæðisins*

Mörk verndarsvæðisins eru sýnd á korti meðfylgjandi auglýsingu og afmarkast af þeim hnítum sem gefin eru upp í ISN93 hnítakerfi í viðauka.

### 4. gr.

#### *Umsjón*

Í samræmi við 2. mgr. 13. gr. og 79. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013 skal Umhverfisstofnun hafa umsjón með verndarsvæðinu. Forsætisráðherra skal fara með málefni jarðarinnar Hrafseyrar.

Með Umhverfisstofnun starfar þjóðgarðsráð til að vera þjóðgarðsverði til ráðgjafar um málefni þjóðgarðsins. Umhverfis- og auðlindaráðherra skipar ráðið og í því eiga sæti fulltrúar sveitarfélaganna, Minjastofnunar Íslands og annarra fagstofnanna. Við skipun í þjóðgarðsráð skal miða að því að skipa fulltrúa með þekkingu á svæðinu.

Haft verði samráð við félagasamtök á sviði náttúruverndar og ferðaþjónustu. Þá skal fulltrúi Hrafseyrarnefndar eiga sæti í þjóðgarðsráði. Hlutverk þjóðgarðsráðs er að fjalla um framkvæmdáætlun og landvörslu fyrir þjóðgarðinn, samvinna við gerð stjórnunar- og verndaráætlunar ásamt endurskoðun og breytingum, og önnur stefnumótandi mál er varðar þjóðgarðinn, s.s. um þjónustu og atvinnustefnu í þjóðgarðinum.

Minjastofnun Íslands fer með umsjón menningarminja á svæðinu skv. lögum nr. 80/2012 um menningarminjar og stjórnvaldsákvarðanir er varða menningarminjar.

Nánar skal fjallað um stjórn og umsjón þjóðgarðsins í stjórnunar- og verndaráætlun.

### 5. gr.

#### *Þjóðgarðsvörður*

Umhverfisstofnun ræður þjóðgarðsvörð til að fara með daglega umsjón og rekstur þjóðgarðsins. Þjóðgarðsvörður skal hafa reynslu og háskólamenntun sem nýtist í starfi.

Þjóðgarðsvörður hefur eftirlit með því að virtar séu þær reglur sem gilda um þjóðgarðinn og annast samskipti við lögreglu og önnur stjórnvöld vegna brota.

Þá annast þjóðgarðsvörður fræðslu og upplýsingagjöf, situr fundi þjóðgarðsráðs, ræður annað starfsfólk þjóðgarðsins, þar á meðal landverði og skipuleggur starf þess. Einnig tekur þjóðgarðsvörður þátt í gerð og endurskoðun atvinnustefnu og áætlana fyrir þjóðgarðinn, þ.m.t. stjórnunar- og verndaráætlunar, fræðsluáætlunar og öryggis- og neyðaráætlunar og ásamt öðrum verkefnum sem falla undir starf þjóðgarðsvarðar.

6. gr.

*Stjórnunar- og verndaráætlun*

Umhverfisstofnun ber ábyrgð á að gerð sé stjórnunar- og verndaráætlun fyrir þjóðgarðinn í samstarfi við samstarfsnefnd og í samræmi við 81. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013.

Í stjórnunar- og verndaráætlun skal m.a. fjalla um stjórn og umsjón þjóðgarðsins, rannsóknir og vöktun, gerð fræðsluáætlunar og miðlun upplýsinga, framandi lífverur, verndun jarðminja, landnotkun og mannvirkjagerð, uppbyggingu flutningskerfis raforku, umferð mannaðra og ómannaðra loftfara, umferð, fráveitu- og úrgangsmál og veiðar, landnýtingu, landvörslu, uppbyggingu, verndaraðgerðir og aðgengi ferðamanna, þar á meðal aðgengi fatlaðs fólks.

Stjórnunar- og verndaráætlun skal gerð í samvinnu við eigendur svæðisins, viðkomandi sveitarstjórnir, Náttúrufræðistofnun Íslands og eftir atvikum aðrar fagstofnanir og hagsmunaaðila. Leita skal umsagna félagasamtaka og hagsmunaaðila sem tilgreindir eru í samráðsáætlun vegna gerðar stjórnunar- og verndaráætlunar fyrir svæðið.

Stjórnunar- og verndaráætlun er háð staðfestingu ráðherra og skal endurskoða eftir því sem tilefni er til.

7. gr.

*Rannsóknir og vöktun*

Náttúrufræðistofnun Íslands ber ábyrgð á vöktun á verndarsvæðinu sbr. 74. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013. Vöktunaráætlun skal vera unnin í samráði við Umhverfisstofnun og vera hluti stjórnunar- og verndaráætlunar. Skýrslur um niðurstöður rannsókna og vöktunar skulu vera aðgengilegar Umhverfisstofnun.

Náttúrufars- og minjarannsóknir, aðrar en lögbundnar rannsóknir fagstofnanna, sem kunna að hafa í för með sér jarðrask eða truflun dýralífs eru háðar leyfi Umhverfisstofnunar. Niðurstöður rannsókna skulu vera aðgengilegar Umhverfisstofnun og Náttúrufræðistofnun Íslands.

Nánnar skal kveðið á um rannsóknir og vöktun í stjórnunar- og verndaráætlun.

8. gr.

*Fræðsla*

Umhverfisstofnun hefur umsjón með gerð og framkvæmd fræðsluáætlunar fyrir þjóðgarðinn. Þar skulu m.a. koma fram upplýsingar um verndargildi svæðisins, sérstöðu svæðisins og þær umgengisreglur sem þar

gilda. Tryggja skal aðgengi almennings að upplýsingum og fræðsluefni um þjóðgarðinn og reglum sem um hann gilda.

Nánnar skal kveðið á um fræðslu og gerð fræðsluáætlunar í stjórnunar- og verndaráætlun fyrir þjóðgarðinn.

#### 9. gr.

##### *Verndun gróðurs, vistgerða og dýralífs*

Vernda skal lífríki þjóðgarðsins, líffræðilega fjölbreytni og vistkerfi svæðisins.

Óheimilt er að raska köldum lindum og lífríki þeirra.

Óheimilt er að spilla gróðri eða trufla dýralíf, að því undanskildu að veiðar eru heimilari sbr. 16.gr.

Við hús og bústaði er heimilt að rækta matjurtir. Eigendur skulu gæta þess að matjurtir berist ekki út fyrir lóðir.

Óheimilt er að sleppa, dreifa eða rækta framandi lífverur innan þjóðgarðsins, þ.m.t. að rækta framandi plöntutegundir innan marka þjóðgarðsins, sbr. reglugerð nr. 583/2000 um innflutning, ræktun og dreifingu útlendra plöntutegunda og lög nr. 54/1990 um innflutning dýra. Unnið skal að því að fjarlægja ágengar framandi tegundir sem hafa verið fluttar inn í þjóðgarðinn eða berast inn í hann, sbr. þó 11. mgr. 13. gr.

Nánnar skal fjallað um framandi lífverur í stjórnunar- og verndaráætlun.

#### 10. gr.

##### *Verndun landslags*

Varðveita skal einkenni og sérkenni landslags svæðisins í heild. Óheimilt er að valda spjöllum á landslagi svæðisins.

Vernda skal fossinn Dynjanda og aðra fossa í Dynjandisá með því að viðhalda náttúrulegu vatnsrennsli til fossanna.

Framkvæmdir, sbr. 13. gr. skulu ekki hafa afgerandi áhrif á ásýnd svæðisins og mannvirki skulu falla sem best að svipmóti lands.

Nánnar er kveðið á um framkvæmdir á verndarsvæðinu í 13. gr.

#### 11. gr.

##### *Verndun jarðminja*

Til að tryggja vernd jarðminja á svæðinu er óheimilt að hrófla við, raska, eða skemma jarðminjar í þjóðgarðinum nema með sérstöku leyfi skv. 13. gr.

Nánnar skal fjallað um verndun jarðminja í stjórnunar- og verndaráætlun.

#### 12. gr.

##### *Verndun menningarminja*

Um vernd menningarminja fer samkvæmt lögum nr. 80/2012 um menningarminjar.

## 13. gr

*Landnotkun og mannvirkjagerð*

Athafnir og framkvæmdir, þ.m.t. mannvirkjagerð og aðrar breytingar á landi, innan þjóðgarðsins eru háðar leyfi Umhverfisstofnunar, sbr. 2. mgr. 40. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013 og leyfi sveitarfélaganna Vesturbyggðar og Ísafjarðarbæjar sbr. skipulagslög nr. 123/2010 og lög nr. 160/2010 um mannvirki.

Í þjóðgarðinum eru allar athafnir og framkvæmdir sem hafa varanleg áhrif á náttúru svæðisins bannaðar nema þær séu nauðsynlegar til að markmið friðlýsingarinnar náist.

Landnotkun skal vera sjálfbær og miða skal að því eins og kostur er að framkvæmdir séu afturkræfar, að þær stuðli að verndun þjóðgarðsins og öryggi gesta.

Mannvirki skulu falla vel að landslagi.

Innviðaupbygging svæðisins skal fara eftir skipulagi sveitarfélaga.

Viðhald og þjónusta við vegi á svæðinu er heimil án þess að leita þurfi leyfis Umhverfisstofnunar svo fremi sem framkvæmdir hafi ekki áhrif á verndargildi svæðisins enda verði hvorki raskað vistkerfum né jarðminjum sem njóta sérstakrar verndar skv. 61. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013.

Endurbætur, viðhald og þjónusta við raflínur á svæðinu er heimil án þess að leita þurfi leyfis Umhverfisstofnunar svo fremi sem framkvæmdir hafi ekki áhrif á verndargildi svæðisins enda verði hvorki raskað vistkerfum né jarðminjum sem njóta sérstakrar verndar skv. 61. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013. Gert er ráð fyrir endurnýjun og lagningu nýrra raflína til að styrkja innviði raforkuflutnings- og dreifingar á Vestfjörðum, sem og framkvæmdum vegna lagningu ljósleiðara um svæðið. Ekki þarf leyfi Umhverfisstofnunar fyrir slíkum framkvæmdum, að undanskildum framkvæmdum innan friðlands Vatnsfjarðar og náttúruvættisins Dynjanda. Samráð skalt hafa við Umhverfisstofnun um tilhögun framkvæmda og frágang. Nánar skal fjalla um tilhögun framkvæmda í stjórnunar- og verndaráætlun.

Um athafnir og framkvæmdir innan svæðis fiskeldis við Seftjörn gilda ákvæði starfsleyfis.

Um réttindi ábúenda á ríkisjörðinni Brjánslæk II fer samkvæmt ábúðarlögum nr. 80/2004 og byggingarbréfi dags. 6. ágúst 1993. Um réttindi ábúenda á ríkisjörðinni Seftjörn fer samkvæmt ábúðarlögum nr. 80/2004 og byggingarbréfi dags. 20. júní 1974.

Hefðbundin landnotkun ábúenda er heimil, þ.m.t. nýting æðarvarps, nýting afréttar, grasnytjar og fjárbeit svo sem verið hefur. Sjálfbærni skal höfð að leiðarljósi við landnotkun.

Skógræktarreitir sem ræktaðir hafa verið innan marka þjóðgarðsins fyrir gildistöku friðlýsingar þessarar munu standa áfram þó svo að þar sé að finna framandi tegundir plantna. Reitirnir skulu skilgreindir í stjórnunar- og verndaráætlun.

Afla skal leyfis Umhverfisstofnunar vegna athafna og verkefna sem hafa í för með sér hættu á jarðraski eða truflun fyrir lífríki eða umferð um verndarsvæðið, s.s. ljósmyndun, kvikmyndagerð, viðburðir og samkomuhald eða önnur verkefni.

Efnistaka er heimil á skilgreindum efnistökusvæðum sem nánar skal fjallað um í stjórnunar- og verndaráætlun.

Nánar skal fjallað um landnotkun og mannvirkjagerð í stjórnunar- og verndaráætlun.

#### 14. gr.

##### *Umferð og dvöl*

Almenningi er heimil för um þjóðgarðinn en er skylt að ganga vel og snyrtilega um svæðið og fylgja þeim umgengnisreglum sem þar gilda. Forðast skal að valda öðrum óþægindum eða truflun með hávaða.

Ávallt skal fara eftir merktum leiðum og skipulögðum stígum, slóðum eða vegum eftir því sem auðið er.

Óheimilt er að aka vélknúnum ökutækjum utan vega og merktra slóða, sbr. þó undanþágur 31. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013.

Umhverfisstofnun er heimilt að loka þjóðgarðinum, í heild eða að hluta, í verndarskyni í samræmi við 25. gr. a. laga um náttúruvernd nr. 60/2013.

Innan þjóðgarðsins er óheimilt að slá upp og gista í tjöldum, tjaldvögnum, fellihýsum, hjólhýsum og öðrum sambærilegum búnaði utan skilgreindra tjaldsvæða. Fólki sem ferðast fótgangandi eða á reiðhjóli með allan sinn farangur er heimilt að tjalda hefðbundnum viðlegutjöldum utan skipulagðra tjaldsvæða til einnar nætur. Ef um fleiri en þrjú tjöld er að ræða, skipulagða hópferð eða ef tjaldað er til fleiri en einnar nætur þarf leyfi Umhverfisstofnunar.

Hundar og önnur gæludýr skulu höfð í taumi innan marka þjóðgarðsins, að undanskildum vinnuhundum, og þess skal gætt að dýrin séu undir tryggri stjórn og að þau valdi ekki truflun fyrir gesti og dýralíf svæðisins.

Hefðbundinn réttur bænda til smölunar og beitar sauðfjár helst eins og verið hefur.

Notkun ómannaðra loftfara fer eftir reglugerð nr. 990/2017 um starfrækslu fjarstýrðra loftfara.

Ríðandi mönnum er heimil för um svæðið á merktum reiðleiðum og vegum.

Notkun hesta við smölun er heimil, sbr. 7 mgr.

Um landingar mannaðra loftfara í þjóðgarðinum fer samkvæmt almennum reglum þar um. Nánar skal fjallað um umferð mannaðra loftfara í stjórnunar- og verndaráætlun.

Nánar skal fjallað um umferð um verndarsvæðið í stjórnunar- og verndaráætlun.

*Sérreglur um umferð innan friðlands Vatnsfjarðar.*

- *Innan friðlandsins er umferð um eyjar og hólma háð leyfi Umhverfisstofnunar.*

*Sérreglur um umferð innan náttúruvættisins Dynjanda.*

- *Notkun ómannaðra loftfara er óheimil innan náttúruvættisins Dynjanda nema að fengnu leyfi Umhverfisstofnunar. Þó er heimilt að nota fjarstýrð loftför, ef nauðsyn krefur, vegna leitar- og björgunaraðgerða og vegna umsjónar og eftirlits Umhverfisstofnunar. Minjastofnun Íslands hefur sömu heimildir vegna skráningar og rannsókna á menningarminum*

*Sérreglur um umferð innan náttúruvættisins Surtarbrandsgils.*

- *Gestum er aðeins heimilt að heimsækja náttúruvættið Surtarbrandsgil í fylgd með starfsmanni Umhverfisstofnunar eða ábúendum Brjánslækjar, eða með þeirra leyfi.*

#### 15. gr.

##### *Umgengni um þjóðgarðinn*

Óheimilt er að skilja eftir eða urða úrgang innan marka þjóðgarðsins og skal allur úrgangur settur í þar til gerð ílát eða hann tekinn með út af svæðinu. Úrgangur skal flokkaður eins mikið og kostur er.

Gestum þjóðgarðsins er óheimilt að kveikja eld á víðavangi þar sem almannahætta getur stafað af eða hætt er gróðri, dýralífi eða mannvirkjum. Skylt er hverjum þeim sem ferðast um að gæta ytrustu varkárni í meðferð elds og eldunartækja.

Skylt er gestum þjóðgarðsins að hlíta fyrir mælum þjóðgarðsvarðar og landvarða hvað snertir umgengni og háttsemi í þjóðgarðinum.

Þjóðgarðsverði og landvörðum er heimilt að vísa úr þjóðgarðinum hverjum þeim er brýtur gegn ákvæðum auglýsingar þessarar eða reglum sem um svæðið gilda.

Nánari markmið um stjórnun fráveitu- og úrgangsmála skal setja í stjórnunar- og verndaráætlun.

#### 16. gr.

##### *Veiði og notkun skotvopna*

Veiðar eru heimilar á svæðinu í samræmi við ákvæði laga um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum nr. 64/1994.

Stefnt skal að útrýmingu minks. Veiðar á mink skulu stundaðar á vegum sveitarfélagsins og í samráði við Umhverfisstofnun.

Veiðar á ref eru heimilar skv. almennum reglum þar um enda skulu þær stundaðar á vegum viðkomandi sveitarfélags og í samráði við Umhverfisstofnun.

Heimild til veiða í ám og vötnum helst sem verið hefur.

Nánar skal fjallað um veiðar á verndarsvæðinu í stjórnunar- og verndaráætlun.



*Sérreglur um veiði og notkun skotvopna innan friðlands Vatnsfjarðar.*

- *Skotveiðar og notkun skotvopna eru óheimilar innan friðlands Vatnsfjarðar nema til veiða á ref og mink.*

17. gr

*Viðurlög*

Um brot gegn ákvæðum friðlýsingarinnar fer samkvæmt lögum um náttúruvernd nr. 60/2013.

18. gr.

*Gildistaka*

Friðlýsingin öðlast þegar gildi. Við gildistöku þessarar auglýsingar falla úr gildi auglýsingar nr. 348/1986, nr. 96/1975 og nr. 103/1975.

### ***Ákvæði til bráðabirgða***

Innan svæðisins er gert er ráð fyrir eftirfarandi framkvæmdum: Vestfjarðavegur (60) um Dynjandisheiði í Vesturbyggð og Ísafjarðarbæ og Bíldudalsvegur (63) frá Bíldudalsflugvelli að Vestfjarðavegi á Dynjandisheiði í Vesturbyggð í samræmi við skipulag.

